

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Menntaskólinn í Reykjavík

Ytra mat vorið 2021



Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Margrét Friðriksdóttir og Unnar Örn Þorsteinsson

Ytra mat á starfsemi Menntaskólans í Reykjavík vorið 2021
Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Margrét Firðriksdóttir
Unnar Örn Þorsteinsson
Forsíðumynd tók Unnar Örn Þorsteinsson
ISBN 978-9979-0-2702-7

Heildarniðurstöður

Menntaskólinn í Reykjavík (MR) er bóknámsskóli með tvær námsbrautir sem skiptast í átta deildir. Kennt er samkvæmt bekkjarkerfi og er skólaárinu skipt í tvö álíka löng misseri sem hvoru um sig líkur með prófum en lokaeinkunn í námsgrein er meðaltal jólaprófseinkunnar, vorprófseinkunnar og námseinkunnar. Aðalmarkmið skólans er að veita nemendum haldgóða bóklega menntun og gera þá sem hæfasta til þess að stunda nám við háskóla jafnt hér á landi sem erlendis að loknu stúdentsprófi.

Inntökuskilyrði á námsbrautir skólans eru tilgreindar á heimasíðu MR og í almennum hluta skólanámskrár. Menntunarstig kennara er hátt og starfsemi stofnunarinnar er í föstum skorðum. Kennarar fá mikið frelsi til að sinna sínu starfi. Aðstaða til verklegrar kennslu í efna-, eðlis-, og líffræði er til fyrirmyndar. Starfsemi stofnunarinnar í heild einkennist af metnaði, áhuga og krafti.

Upplýsingar um líðan nemenda eru fengnar með kennslukönnun innan skólans og virðist nemendum líða vel í Menntaskólanum í Reykjavík, samskipti við kennara og starfsfólk eru góð og nemendur eru stoltir af skólanum. Í rýnihópaviðtali við nemendur kom fram að mjög sterk heild myndast með bekkjarkerfinu og að enginn sé útilokaður. Þá eru nemendur mjög ánægðir með samskipti sín við umsjónarkennara bekkjarins.

Fram kom hjá viðmælendum að skólanum væri vel stjórnað og að rektor gegni skýru faglegu leiðtogahlutverki. Rektor hefur skýra sýn á hvert hann vill fara með skólann og miklar jákvæðar breytingar hafi átt sér stað á hans starfstíma frá árinu 2017 m.a. í upplýsingatækni. Hins vegar kom fram að í framhaldi af styttingu náms til stúdentsprófs hafi þurft að segja upp sjö kennurum sem leitt hafi til kærumála og fjölmiðlaumfjöllunar sem ekki sér fyrir endann á. Það hafi litað skólabraginn og verið stjórnendum og starfsfólki þungbært. Leitað var aðstoðar utanaðkomandi aðila og enn er í gangi aðgerðaráætlun í mannauðsmálum. Í máli fulltrúa skólanefndar kom fram að það hefði verið áskorun að stytta námið en hann taldi skólanefndina vera gott bakland fyrir stjórnendur skólans og að það ríkti traust milli skólanefndar og rektors.

Menntaskólinn í Reykjavík hefur sett sér stefnuskjöl, markmið og áætlanir sem ná yfir ýmsa þætti skólastarfsins. Persónuverndarstefna skólans var sett árið 2019 og við skólann starfar persónuverndarfulltrúi. Jafnréttisáætlun var síðast endurskoðuð í desember 2019 og jafnréttisfulltrúi og jafnréttisnefnd eru virk. Skólinn fékk vottun skv. jafnlaunastaðli í maí 2020. Þá hefur MR sett sér starfsmannastefnu og starfsmannaviðtöl eru framkvæmd reglubundið. Áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi nær jafnt til starfsmanna og nemenda. MR tekur þátt í verkefninu heilsuefandi framhaldsskóli og hefur sett sér heilsustefnu. Í máli rektors og nemenda kom fram að skólinn getur ekki boðið nemendum upp á hollar máltíðir og íþróttaiðkun við hæfi sökum aðstöðuleysis. Nýlega setti skólinn sér umhverfis- og loftslagsstefnu og skólinn tekur þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Unnið er markvisst að þeim markmiðum sem sett eru í stefnumiðaðri áætlun skólans til þriggja ára en markmiðin um kjarnastarfsemi eru fléttuð saman við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Félagslíf innan Menntaskólans í Reykjavík hefur löngum verið áberandi hluti skólans enda eru starfandi tvö nemendafélög, Skólafélagið og Framtíðin. Ljóst var að bæði kennarar og stjórnendur skólans höfðu samúð

með nemendum á þessum Covid tímum hvað félagslífið varðar en voru jafnframt vissir um að það muni ná fyrri styrk og að nemendur hefðu lært mikið á þessum skrítnu tímum.

Foreldrafélag MR er öflugt og ekki hafa verið vandræði með að fá fólk til starfa. Samstarfið við félagsmálafulltrúa og rektor er mjög gott. Rýnihópur foreldrafélags taldi að Covid hefði vissulega haft áhrif á líðan nemenda en vel hafi verið haldið utan um hópinn að hálfu skólans. Foreldrafélagið átti fund með mennta- og menningarmálaráðherra um fjarnám og andlega líðan nemenda. Rýnihópurinn var sammála um að námið í skólanum væri gott, kennslan góð og mikill metnaður í öllu en húsnæði skólans væri lítið og gamalt. Hópurinn lagði áherslu á að framkvæmdir hefjist í húsnæðismálum skólans sem fyrst enda þurfi nemendur betri aðstöðu og laga þarf aðgengi fyrir fatlaða nemendur.

Samkvæmt síðustu ársskýrslu MR er samanlagður fermetrafjöldi allra bygginga skólans um 4700 fermetrar. Kennsluhúsnæði MR er þröngt og skortur á rými þegar tekið er á móti gestum. Mötuneyti fyrir starfsfólk er ágætt, en lítið. Mötuneyti fyrir nemendur einkennist af plássleysi og hefur það áhrif á hvað hægt er að bjóða fram í mötuneytinu. Vegna plássleysis nota nemendur kennslustofur sínar til að læra, lesa og nærast. Starfsemi skólans fer fram í níu gömlum og viðhaldsfrekum byggingum á svokölluðum menntaskólareit. Í rafpósti frá rektor MR dagsettu 15. apríl 2021 er greint frá að fram undan séu samningaviðræður um byggingu skólaþorps á menntaskólareit MR.

Grunnþættir menntunar endurspeglast í allri starfsemi MR. Í sjálfsmatssáætlun MR fyrir skólaárið 2020 til 2021, er ætlunin að endurskoða skólareglur, skoða námsárangur nemenda, gera kennslukönnun meðal nemenda, halda opin lýðræðisfund með nemendum og stjórnendum, kanna viðhorf nemenda á skólastarfinu aðbúnaði og kennslu. Einnig er ætlunin að taka starfsmannaviðtöl með áherslu á líðan og það sem betur má fara í skólastarfinu. Auk þess sem ætlunin er að athuga líðan nemenda með áherslu á Covid og svefnvenjur. Þess utan er ætlunin að skoða verkefnið heilsueflandi framhaldsskóli, umsjón og nýnemaviðtöl, umhverfisvernd sem og að fara yfir verkferla innan stofnunarinnar. Sjálfsmatssáætlanir og sjálfsmatsskýrslur eru birtar árlega á vef skólans. Starfandi er gæðaráð og gæðastjóri.

Starfsemi MR vekur athygli út fyrir landsteinana. Á hverjum vetri tekur MR á móti erlendum gestum. Hér má nefna heimsóknir frá erlendum háskólum sem vilja kynna starfsemi sína fyrir nemendum og kennurum MR. Nýútskrifaðir kennarar frá löndum eins og Austurríki, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Spáni og Þýskalandi hafa starfað í skólanum sem gestakennarar á vegum menntaáætlunar Evrópusambandsins. Þessir gestakennarar hafa verið frá þremur upp í allt að níu mánuði. Nemendur MR taka þátt í nemendaskiptum og búa hjá jafnöldrum sínum á erlendri grund, en þessi verkefni hafa verið styrkt af Erasmus+ og Nordplus Junior. Haustið 2019 var ráðið í stöðu verkefnastjóra við skólann sem, meðal annars, hefur umsjón með alþjóðlegu samstarfi. Ekki er mikið fylgst með hvað nemendur taka sér fyrir hendur að lokinni útskrift frá Menntaskólanum í Reykjavík. Hins vegar má benda á að útskrifaðir nemendur skólans eru fulltrúar í íslenskri stjórnsýslu, íslensku menntakerfi, heilbrigðis- og félagsmálakerfinu og víðar.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	4
Inngangur	6
Menntaskólinn í Reykjavík	8
Nemendur og nám.....	8
Starfsmenn.....	12
Viðmið og vísbendingar	14
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	15
1.1. Um stefnu og áætlanir	15
1.2. Um stjórnendur	15
1.3. Um skipulag, verklagsreglur	15
1.4. Um innra mat	16
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð	17
2.1. Um nám og kennslu.....	17
2.2. Um kennsluaðstæður / stuðning við nemendur	18
2.3. Um námsmat.....	19
2.4. Um kennara.....	19
2.5. Um námsgögn	19
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	20
3.1. Um skólabrag.....	20
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	20
3.3. Um félagslíf nemenda.....	21
3.4. Um samskipti við foreldra / forráðamenn.....	21
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf	21
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	22
Þáttur 5: Lykilárangur	23
5.1. Um námsárangur	23
5.2. Um árangur í grunnþáttum.....	23
5.3. Um langtímaárangur.....	24
Viðaukar – Greinargerð matsmanna	25
Umfjöllun um stjórnun og skipulag	25
Umfjöllun um kennslu og námsframboð	34
Umfjöllun um samskipti og líðan	38
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað	45

Umfjöllun um lykilárangur	47
Heimildir og tilvísanir.....	49
Listi yfir töflur og myndir	5
Tafla 1. Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2016 til 2020	9
Tafla 2. Hvaðan koma nemendur Menntaskólans í Reykjavík.....	9
Tafla 3. Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2016 til 2020	10
Tafla 4. Fjöldi nemenda á haustönn 2020 og vorönn 2021 eftir aldri og kyni.....	10
Tafla 5. Skipting nemenda á námsbrautir haust 2016 til 2020 greind eftir kyni	10
Tafla 6. Viðveruskráning nemenda vorið 2020 haustið 2020	11
Tafla 7. Brotthvarf nemenda haust og vor árin 2016 til 2020	11
Tafla 8. Fjöldi brautskráðra vorin 2016 til 2020 á hverri námsbraut og alls.....	11
Tafla 9. Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að haustið 2020	12
Tafla 10. Menntun kennara haust 2020	13
Mynd 1. Skipurit Menntaskólans í Reykjavík	29
Mynd 2. Yfirlitsmynd af byggingum Menntaskólans í Reykjavík	45

Inngangur

Þessi skýrsla um ytra mat á starfsemi Menntaskólans í Reykjavík er unnin í samræmi við reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Menntamálastofnun sér um framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið og réði Margréti Friðriksdóttur og Unnar Örn Þorsteinsson til að vinna matið. Þau eru höfundar þessarar skýrslu og hófu vinnu við hana í febrúar 2021.

Í fyrsta hluta skýrslunnar koma fram tölulegar upplýsingar um starfsemi Menntaskólans í Reykjavík. Í öðrum hluta er fjallað um mat skólans á eigin starfsemi (S) sem og mat skýrsluhöfunda (M) á sömu þáttum. Þriðji hluti skýrslunnar eru viðaukar þar sem er að finna rökstuðning skýrsluhöfunda við spurningum í matslistum. Fjórði hluti skýrslunnar tekur fyrir þau gögn og þær heimildir sem skýrsluhöfundar lögðu til grundvallar ytra mati á Menntaskólanum í Reykjavík.

Síðan árið 1996 hafa framhaldsskólar unnið að innra mati (sjálfsmati) á starfsemi sinni í samræmi við framhaldsskólalög. Í lögunum frá árinu 1996 var menntamálaráðuneytinu ætlað að gera úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla en með lögunum frá árinu 2008 voru eftirlitsskyldur ráðuneytisins auknar þannig að þær ná nú til allra þátta í skólahaldi framhaldsskóla. Samkvæmt reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum skal framhaldsskóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Virkt mat skal samofið annarri starfsemi skóla. Það skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins. Tryggja skal virka þátttöku starfsmanna, foreldra, nemenda og skólaráðs í innra mati, eftir því sem við á og matið skal byggja á fjölbreyttum gögnum.

Í febrúar árið 2021 sendi Menntamálastofnun Menntaskólanum í Reykjavík bréf um fyrirhugað ytra mat þar sem honum var falið að skipuleggja eigið mat með hliðsjón af því. Eigið mat skólans byggir, meðal annars, á mati út frá sjötíu og átta viðmiðum og vísbendingum um gæði skólastarfs sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sett. Eftirtaldir þættir eru til viðmiðunar:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða:

- (A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár
- (B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá
- (C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta
- (D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar

Skýrsluhöfundar meta starfsemi skólans út frá sömu þáttum og sú útkoma birtist einnig í niðurstöðum matsins til að ýta undir áreiðanleika þess.

Helstu gögn sem skýrsluhöfundar nýttu við ytra matið voru:

- 1 Ýmsar tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna. Hér má nefna upplýsingar um námsframboð, nemendur, starfstíma, fyrirkomulag starfstíma, starfsfólk, starfsmannaveltu, menntun kennara, viðveru nemenda, brotthvarf frá námi, samninga og skýrslur.
- 2 Vefsvæði skólans (<http://www.mr.is>). Á vefsvæði skólans voru sótt ýmis gögn er varða stefnu skólans, skipulag og starf.
- 3 Vettvangsheimsókn og umræður í rýnihópum og samtöl við stjórnendur. Valið var í rýnihópa nemenda og starfsmanna með stýrðu slembivali. Menntaskólinn í Reykjavík sá um að boða viðmælendur til funda og rætt var við rektor, konrektor, kennslustjóra, skrifstofu- og fjármálastjóra, sjálfsmats og gæðahóp, hóp kennara, hóp fagstjóra, hóp annara starfsmanna, náms- og starfsráðgjafa, 2 hópa nemenda, stjórn Skólafélagsins og stjórn Framtíðarinnar, fulltrúa úr stjórn foreldrafélagsins og varaformann skólanefndar. Viðmælendur voru alls 44.
- 4 Fylgiskjöl frá Menntaskólanum í Reykjavík vegna ytra mats.

Á þessum grundvelli fór fram greining gagna. Skýrsluhöfundar gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir mati skýrsluhöfunda má sjá í þriðja hluta þessarar skýrslu.

Skýrsluhöfundar vilja þakka öllum sem þátt tóku í ytra mati á Menntaskólanum í Reykjavík fyrir þeirra þátttöku. Þátttakendur í rýnihópum og viðtölum veittu ýmsar upplýsingar um helstu gögn sem ytra matið byggir á.

Menntaskólinn í Reykjavík

Í ársskýrslu skólans frá árinu 2019 kemur fram að Menntaskólinn í Reykjavík er elsti framhaldsskóli landsins og býður upp á bóknám á tveimur brautum, náttúrufræðibraut og málabraut. Brautirnar skiptast síðan niður í átta deildir: á málabraut er boðið upp á fornmaladeild I, fornmaladeild II, nýmaladeild I og nýmaladeild II. Náttúrufræðibraut skiptist í eftirfarandi deildir: eðlisfræðideild I eðlisfræðideild II, náttúrufræðideild I og náttúrufræðideild II.

Menntaskólinn í Reykjavík er bóknámsskóli og starfar eftir bekkjarkerfi. Skólinn leggur áherslu á að nemendur séu vel undirbúnir undir háskólanám að loknu stúdentsprófi. Kappkostað er að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð hvers og eins á sjálfbærum og heilbrigðum lífsstíl í anda heilsueflandi framhaldsskóla.

Eins og fram kemur í almennum hluta skólanámskrár Menntaskólans í Reykjavík á skólinn rætur að rekja til biskupsstólsins í Skálholti sem stofnaður var árið 1056. Skólinn var fluttur til Reykjavíkur árið 1786 í hús á Hólavöllum ofan Suðurgötu. Húsakynnin reyndust þar léleg og skólinn fékk inni á Bessastöðum árið 1805. Hann var starfræktur þar uns nýtt skólahús hafði verið reist í Reykjavík. Það var stærsta hús á landinu og þangað var skólinn fluttur haustið 1846. Hann nefndist Reykjavíkur lærði skóli, en var einnig kallaður Reykjavíkurskóli (Schola Reykjavicensis), Lærði skólinn eða Latínuskólinn.

Fram yfir aldamótin 1900 var mikil áhersla lögð á að kenna fornmalin, latínu og grísku, enda er Grikkland vagga vestrænnar menningar og latína var heimsmál um aldir. Árið 1904 tók gildi ný reglugerð fyrir skólann. Kennslustundum í latínu fækkaði, og grískukennslu var hætt til að rýma fyrir nýju námsefni. Þá nefndist skólinn Hinn almenni menntaskóli í Reykjavík. Allir nemendur skólans lærðu sama námsefni fram til ársins 1919 þegar stærðfræðideild var stofnuð. Skólinn hefur heitið Menntaskólinn í Reykjavík frá árinu 1937. Á þessum grunni byggir skólastarfið í dag.

Nemendur og nám

Í almennum hluta skólanámskrár Menntaskólans í Reykjavík segir að aðalmarkmið skólans er að veita nemendum haldgóða bóklega menntun og gera þá sem hæfasta til þess að stunda nám við háskóla jafnt hér á landi sem erlendis að loknu stúdentsprófi. Svo að vel megi takast þurfa skólinn og nemendur hans jafnan að gera til sín miklar kröfur og setja markið hátt. Í öllu skólastarfi er lögð áhersla á sex grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla: lýðræði, mannréttindi, læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, skapandi hugsun, heilbrigði og jafnrétti. Markmiðið er að nemendur verði gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi, að nemendur taki ábyrga afstöðu til mannréttinda og umhverfismála. Leitast er við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð hvers og eins í sjálfbærum lífnaðarháttum. Skólinn markar sér sérstöðu með öflugri fornmaladeild þar sem nemendur fá góðan grunn í latínu, grísku og fornum fræðum.

Fjöldi nemenda

Eins og fram kemur í töflu eitt voru nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík flestir haustið 2017 eða 853, og haustið 2016 voru þeir 852. Vorið 2020 eru nemendur fæstir eða 645, og er mismunurinn á mesta fjölda nemenda og minnsta fjölda nemenda 208. Nemendur á vorönn eru jafnan færri en á haustönn, en yfirleitt eru frávikin ekki mikil ef árið 2019 er undanskilið, en þá um vorið stunduðu 798 nemendur nám við skólann en að hausti voru þeir 664. Hér munar samtals 134 nemendum. Þessa fækkun má m.a. rekja til styttingar á námi til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú ár.

Tafla 1.

Fjöldi nemenda í dagskóla vor og haust 2016-2020.

		2016	2017		2018		2019		2020		2021		
			Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	
Fjöldi nem.			852	836	853	825	833	798	664	645	669	652	

Samkvæmt töflu tvö koma langflestir nemendur Menntaskólans í Reykjavík af höfuðborgarsvæðinu. Úr Reykjavík eru 400 nemendur skráðir í skólann haustið 2020 og vorið 2021 eru þeir 396. Frá Seltjarnarnesi eru 52 nemendur skráðir í skólann haustið 2020 og vorið 2021 eru þeir 49. Frá Kópavogi eru 69 nemendur skráðir í skólann haustið 2020 og vorið 2021 eru þeir 68. Úr Garðabæ eru 66 nemendur skráðir í skólann haustið 2020 og vorið 2021 eru þeir 63. Úr Hafnarfirði eru 33 nemendur skráðir í skólann haustið 2020 og vorið 2021 eru þeir 33. Úr Mosfellsbæ eru 16 nemendur skráðir í skólann haustið 2020 og vorið 2021 eru þeir 15. Annars staðar frá eru 33 nemendur skráðir í skólann haustið 2020 og vorið 2021 eru þeir 33. Af þessum tölum má álykta að lítið brottfall virðist vera í skólanum.

Tafla 2.

Hvaðan koma nemendur Menntaskólans í Reykjavík (póstnúmer – haust 2020 og vor 2021)

Póstnúmer	Fjöldi haust 2020	Fjöldi vor 2021
Reykjavík	400	396
Seltjarnarnes	52	49
Kópavogur	69	68
Garðabær	66	64
Hafnarfjörður	33	33
Mosfellsbær	16	15
Annað	33	33

Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2016 til 2020 eins og tafla þrjú ber með sér er að fleiri konur en karlar fá skólavist. Mestur er munurinn árið 2016 en þá voru innritaðar 154 konur og innritaðir karlar voru 86. Minnstur er munurinn árið 2019 en þá voru innritaðar 122 stúlkur og innritaðir drengir voru 96.

Tafla 3.

Þróun í innritun nýnema að hausti frá 2016–2020.

Ár	Karlar	Konur
2016	86	154
2017	107	141
2018	97	122
2019	96	122
2020	107	144

Meirihluti nemenda er fæddur á árinu 2001 til 2004 eins og fram kemur í töflu fjögur. Elstu nemendur skólans er fæddir árið 1999, og þeir yngstu eru fæddir 2005. Aldursdreifing nemenda spannar því sex ár.

Tafla 4.

Fjöldi nemenda á haustönn 2020 og vorönn 2021 eftir aldri og kyni

Haust 2020			Vor 2021		
Fæðingarár:	Karlar	Konur	Fæðingarár	Karlar	Konur
1999	0	2	2001	2	7
2000	0	10	2002	90	140
2001	91	116	2003	86	131
2002	90	100	2004	99	94
2003	95	136	2005	4	5
2004	2	5			

Tafla fimm sýnir fjölda nemenda á námsbraut eftir kyni frá haustinu 2016 til haustsins 2020. Mestur fjöldi nemenda sækir nám á náttúrufræðibraut. Stúlkur eru í meirihluta bæði á málabraut og náttúrufræðibraut. Fækkun er á málabraut fram til ársins 2019, en sú þróun snýst við árið 2020. Fjöldi nemenda á náttúrufræðibraut er svipaður árin 2016 fram til 2019, en þá fækkar nemendum úr 715 árið 2018 í 565 árið 2019. Á sama tímabili fækkar nemendum á málabraut úr 110 í 90 nemendur. Nemendum málabrautar fjölga aftur árið 2020 og þá eru 102 nemendur skráðir í nám á brautinni.

Tafla 5.

Skipting nemenda á námsbrautir haust 2016 – 2020 greind eftir kyni.

Námsbrautir	2016		2017		2018		2019		2020	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Málabraut	38	89	35	91	32	78	32	58	37	68
Náttúrufræðibraut	290	428	306	422	317	398	248	317	248	316
Alls	328	517	341	513	349	476	280	375	285	384

Í töflu sex kemur fram að nemendur Menntaskólans í Reykjavík sækja námið sitt vel. Lítið er um veikindaforföll, og leyfi eða óútskýrð fjarvera er hverfandi.

Tafla 6.

Viðveruskráning nemenda vorið 2020 haustið 2020 (sem hlutfall af heildartíma fjölda)

	Vorið 2020	Haustið 2020
Mæting	93%	97%
Veikindi	3,7%	1%
Of seint	0,3%	0,2%
Leyfi	2,7%	0,8%
Óútskýrð fjarvera	0,3%	1%

Í töflu sjö kemur fram brotthvarf nemenda haust og vor árin 2016 til 2020. Brotthvarf nemenda er minnst að meðaltali árið 2020 eða 0,7% um haustið og 0,7% um vorið. Mest er brotthvarf nemenda að meðaltali árið 2017 eða 1,2% um haustið og 2,2% um vorið.

Tafla 7.

Brotthvarf nemenda haust og vor árin 2016 til 2020

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2016	0,5	1,5	1
2017	1,2	2,2	1,7
2018	0,8	1,8	1,3
2019	0,9	2,3	1,6
2020	0,7	0,7	0,7

Tafla átta sýnir fjölda brautskráðra vorin 2016 til 2020 á hvorri námsbraut og alls. Þar kemur fram að alls hafa 1.183 nemendur útskrifast á tímabilinu. Flestir nemendur eru brautskráðir af náttúrufræðibraut eða 1.006 og 177 nemendur hafa útskrifast af málabraut á tímabilinu. Árið 2016 eru brautskráðir nemendur 205, árið 2017 202, árið 2018 185, árið 2019, 379 og árið 2020, 212.

Tafla 8.

Fjöldi brautskráðra vorin 2016–2020 á hverri námsbraut og alls

Námsbraut	2016	2017	2018	2019	2020
Málabraut	35	34	38	38	32
Náttúrufræðibraut	170	168	147	341	180
Alls	205	202	185	379	212

Starfsmenn

Í ársskýrslu Menntaskólans í Reykjavík fyrir árið 2020 kemur fram að menntunarstig kennara er hátt en fimm þeirra eru með doktorspróf og 41 með meistaraþróf. Níutíu og níu prósent kennara eru með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Meðal aldur kennara er 47 ár, og í skólanum starfa tveir námsráðgjafar í 1,7 stöðugildum. Kynjaskipting starfsmanna er konum í vil og hefur verið svo allengi. Ef skoðuð er kynjaskipting kennara þá er hún 30 karlkyns (45%) á móti 36 kvenkyns (55%).

Í töflu níu koma fram upplýsingar um starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni haustið 2020. Í stjórnendateymi skólans eru fjórar konur og einn karl. Samtals starfa 66 kennarar á kennslusviði skólans.

Tafla 9.

Starfsheiti, fjöldi og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni að hausti 2020

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfshlutfall	Fjöldi	Starfshlutfall
Rektor			1	100%
Konrektor	1	100%		
Kennslustjóri			1	90%
Fjármála- og skrifstofustjóri			1	100%
Verkefnastjóri			1	75%
Framhaldsskólakennari/-ar	19		32	
Stundakennari/-ar	4		1	
Leiðbeinandi/-ur	4		3	
Bókasafn/upplýsingaver			1	100%
Leiðbeinandi/-ur				
Náms- og starfsráðgjafi			2	170%
Hjúkrunarfræðingur			1	70%
Skólafulltrúar			2	160%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%		
Matráður	1	100%		
Ræstitæknar			5	5x100%
Samtals	30		51	

Í hópi kennara hafa fimm einstaklingur lokið doktorsnámi auk kennsluréttinda, einn stundakennari hefur lokið doktorsprófi, þrjátíu og fimm hafa meistaraþróf auk kennsluréttinda, og sextán kennarar eru með BA/BS-próf auk kennsluréttinda. Sex kennarar hafa háskólapróf án kennsluréttinda, eins og sjá má í töflu tíu.

Tafla 10.
Menntun kennara haust 2020

Menntun	Fjöldi kennara
PhD auk kennsluréttinda	5
PhD án kennsluréttinda	1 (stundak)
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	35
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	16
Háskólapróf án kennsluréttinda	6
Önnur menntun auk kennsluréttinda	0
Önnur menntun án kennsluréttinda	0

Samkvæmt skóladagatali Menntaskólans í Reykjavík þá er fjöldi skóladaga 180 og starfsdagar aðliggjandi skólaári fjórir. Skólaárið 2020 til 2021 miðast við 17. ágúst 2020 og áætlað er að skólaárinu ljúki 28. maí 2021.

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilferlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	SM			
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.	SM			
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.	SM			
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.	S	M		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	SM			

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	S M			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.	M	S		
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S M			
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	S	M		
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	S M			

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	SM			

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til nota við innra mat.	SM			
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	SM			
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.		SM		
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	SM			
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	SM			
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.	SM			

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	S	M		
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.	S	M		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	SM			
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	S	M		
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	SM			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýnninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	SM			
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.	SM			

2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tök eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.	SM			
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.				

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.	SM			

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	S	M		
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	SM			
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða mattsaðilum.	SM			

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.	S	M		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	S	M		
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	S	M		
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	SM			
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	SM			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

Þáttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tókum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	SM			
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	SM			

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfa félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýninn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.	SM			
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.	SM			

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nendafélag skólans heldur uppi öflugu félagsstarfi fyrir nemendur.	SM			
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.	SM			

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjárforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.	SM			
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.	SM			
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.	SM			

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða prepi í framhaldsskólæiningum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er forsenda þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.		SM		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.		SM		
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.				

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbendingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.				SM
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.				SM
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.				SM
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	M	S		
65. Skólinn hefur fullnægjandi mötuneytisaðstöðu.				SM
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.		SM		

Þáttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.	SM			
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.	SM			
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.	SM			

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfnipáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.	SM			
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	SM			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	SM			
73. Nemendur hafa skilningu á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	SM			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	SM			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	SM			

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.			S	M
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	SM			
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

Viðaukar – Greinargerð matsmanna

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Menntaskólanum í Reykjavík vorið 2021. Jafnframt eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólastarfið í hverjum þætti svo og tækifæri til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í upphafi umfjöllunar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverkum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Menntaskólinn í Reykjavík er elsti framhaldsskóli landsins og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008, aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 með áorðnum breytingum frá árinu 2012 og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Skólinn er bóknámsskóli sem býður nemendum upp á bóknám á tveimur námsbrautum til stúdentsprófs, sjá töflu fimm. Stefna og markmið skólans eru sett fram í skólanámskrá og birt á heimasíðu skólans. Í stefnu skólans er lögð áhersla á að veita nemendum góða menntun með áherslu á þekkingu, vellíðan, þrautseigju og árangur. Með styttingu náms til stúdentsprófs eru auknar væntingar gerðar til nemenda um árangur í námi og að ljúka námi á tilsettum tíma.

Aðalmarkmið skólans er að veita nemendum haldgóða bóklega menntun og gera þá sem hæfasta til þess að stunda nám við háskóla jafnt hér á landi sem erlendis að loknu stúdentsprófi. Lögð er áhersla á að jafnt skólinn sem nemendur geri til sín miklar kröfur og setji markið hátt. Í máli rektors kom fram að nemendur skólans væru kröfuharðir og létu vita ef námið uppfyllti ekki þeirra væntingar. Í skólanámskrá er tekið fram að allt skipulag skólans, starfshættir og nám nemenda byggir á grunnþáttum menntunar og að í þeim endurspeglar markmið um þá lykilhæfni sem nemendur þurfa að hafa náð að námi loknu. Menntaskólinn í Reykjavík kappkostar að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi, efla þroska þeirra og gagnrýna hugsun, umburðarlyndi og víðsýni. Stuðlað er að því að nemendur taki ábyrga afstöðu til jafnréttis, mannréttinda og umhverfismála og einnig er leitast við að gera nemendur meðvitaða um ábyrgð hvers og eins á sjálfbærum lifnaðarháttum. Í skólanámskrá er nánari lýsing á því hvernig grunnþættir náms endurspeglar í skólastarfi.

MR leggur mikla áherslu á vísindalæsi nemenda og færni þeirra og hæfni í verklegum þætti vísindagreina. Skólinn hefur vel útbúna aðstöðu til verklegrar kennslu á sviði raunvísinda þar sem lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda. Þá leggur skólinn einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði erlendra tungumála, bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem upplýsingatækni býður upp á.

Í Menntaskólanum í Reykjavík er skipulag skólastarfs með klassískum hætti, miðað við bóknámsskóla með bekkjarkerfi. Skólinn hefur ávallt starfað eftir bekkjarkerfi sem reynst hefur vel að mati skólans. Utanumhald og eftirfylgni sem einkennir bekkjarkerfið þykir eftirsóknarvert og hyggst skólinn halda því áfram. Námsgreinar spanna að öllu jöfnu allt skólaárið þó frávik séu frá því í fjórða bekk. Brautir eru tvær til stúdentsprófs sem hvor um sig skiptist í fjórar deildir í fimmta og sjötta bekk. Endurskoðun fór fram á náminu við styttingu þess í þrjú ár úr fjórum árum til stúdentsprófs sem kom að fullu til framkvæmda haustið 2018. Einingum hefur fækkað á þriggja ára brautum frá því sem upphaflega var og frá hausti 2018 gátu nemendur í 6. bekk valið sér a.m.k. eina valgrein. Skipulag brautanna byggir á aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 þar sem öllu námi er skipað á fjögur hæfniprep sem lýsa stigvaxandi kröfum um þekkingu, leikni og hæfni nemenda. Áfangalýsingar allra kennslugreina má sjá á vef skólans og þar eru jafnframt kennsluáætlanir einstakra áfanga aðgengilegar nemendum. Í máli fagstjóra kom fram að allir kennarar hefðu komið að því að umskrifa námslýsingar og m.a. var farin vinnuferð í Reykholt. Fulltrúar foreldrafélags töldu sig ekki hafa komið mikið að breytttri námskrá en þó tekið þátt í umræðu um styttingu náms til stúdentsprófs. Varaformaður skólanefndar sagði styttingu náms til stúdentsprófs hafa litað störf skólanefndar bæði fyrir og eftir styttingu enda væru allar helstu breytingar vel kynntar og ræddar á vettvangi skólanefndar.

Starfstími skólans er ákvarðaður skv. lögum og skiptist í tvö álíka löng misseri sem hvoru um sig líkur með prófum, annars vegar haustmisseri með jólaprófum og vormisseri með vorprófum og stúdentsprófum. Lokaeinkunn í námsgrein er meðaltal jólaprófseinkunnar, vorprófseinkunnar og námseinkunnar sem gefin er fyrir frammistöðu í kennslustundum, í skriflegum æfingum og ástundun. Námsnetið INNA var tekið upp á haustönn 2020.

Nánar er fjallað um kennsluhætti og skipulag náms í kafla tvö hér á eftir um Kennslu og námsframboð.

Menntaskólinn í Reykjavík hefur sett sér stefnuskjöl, markmið og áætlanir sem ná yfir ýmsa þætti skólastarfsins. Í máli rektors kom fram að skólinn hafi fengið lögfræðing til aðstoðar við stefnuasetningu og yfirlestur á skólareglum.

Persónuverndarstefna skólans var sett árið 2019 og gerir skólinn allt sem í hans valdi er til að tryggja að farið sé að ýrustu gætni með persónuupplýsingar í skólanum og að meðferð þeirra sé í samræmi við lög og reglur. Við skólann er starfandi persónuverndarfulltrúi sem sinnir því hlutverki að upplýsa starfsmenn um þeirra skyldur samkvæmt stefnu skólans og persónuverndarlögum, sinnir þjálfun starfsfólks, framkvæmir úttektir, veitir ráðgjöf og er til staðar komi upp álitaefni á sviði persónuverndar. Þá er hann tengiliður við Persónuvernd.

Jafnréttisáætlun skólans var gerð í samræmi við 18. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 þar sem kveðið er á um að leggja beri áherslu á að tryggja konum og körlum jafnan rétt. Jafnréttisáætlunin var síðast endurskoðuð í desember 2019 til þriggja ára. Áætlunin nær jafnt til starfsmanna sem og nemenda og nær yfir níu áhersluatriði ásamt aðgerðaráætlun. Jafnréttisfulltrúi er við skólann og einnig jafnréttisnefnd sem skipuð er konrektor ásamt fulltrúum kennara og nemenda.

Þá fékk skólinn vottun samkvæmt jafnlaunastaðli í lok maí 2020. Með vottuninni hefur skólinn fengið staðfestingu á því að ákvarðanir í launamálum séu málefnalegar og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Markmið skólans er að ekki mælist neinn kynbundinn launamunur, en þó þannig að vikmörk í launagreiningu sé aldrei meiri en $\pm 2\%$. Verkefnastjóri hefur umsjón með jafnlaunavottun sem þó er á ábyrgð rektors.

MR hefur sett sér starfsmannastefnu sem tekur til allra starfsmanna skólans. Markmið stefnunnar er að skólinn gegni lögmætu hlutverki sínu, eins og kveðið er á um í 2. grein laga um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008. Starfsmannastefna tekur m.a. á að starfslýsingar séu fyrir hendi og að starfsmannasamtöl fari fram árlega. Í samtölum við viðmælendur kom fram að starfslýsingar hafa verið í endurskoðun en liggja nú fyrir og að rektor hafi boðið upp á starfsmannaviðtöl sl. misseri en m.a. vegna Covid hafa ekki allir farið í viðtöl en flestir. Í máli rektors kom fram að hún hefði boðið kennurum starfsmannasamtöl í framhaldi af kennslumati og hefðu flestir þegið það og sumir komið oftari en einu sinni.

Þá hefur skólinn sett sér áætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Það er stefna skólans að starfsmenn og nemendur sýni samstarfsfólki sínu og nemendum alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti, kynferðisleg áreitni kynbundið áreitni eða ofbeldi er ekki umborið í skólanum. Stefnan nær jafnt til nemenda og starfsmanna og greinir frá ferli mála og málsmeðferð.

MR er þátttakandi í verkefninu heilsuefandi framhaldsskóli og hefur sett sér heilsustefnu, sem var í vinnslu í vetur, en verkefnastjóri, hjúkrunarfræðingur skólans og nemendur unnu að gerð stefnunnar. Í aðalnámskrá framhaldsskóla frá árinu 2011 er heilbrigði og velferð einn af sex grunnþáttum menntunar. Með þátttöku í verkefninu vill skólinn leggja sitt af mörkum til að bæta heilsu og líðan bæði nemenda og starfsmanna sem eru hvattir til að taka virkan þátt í fjölbreyttum verkefnum tengdum hreyfingu, geðrækt, heilbrigðum lífsstíl og næringu. Í máli rektors kom fram að skólinn getur ekki boðið nemendum sínum upp á hollar máltíðir og að íþróttaiðkun er ekki við hæfi vegna aðstöðuleysis. Fulltrúar nemenda voru sama sinnis en fögnuðu hafragrautnum sem nú er boðinn í mótuneyti alla morgna.

Nýlega hefur skólinn sett sér umhverfis- og loftslagsstefnu sem á að hvetja nemendur til árvekni í umhverfismálum, efla umhverfisvitund þeirra og frumkvæði til úrbóta. Skólinn leggur áherslu á sjónarmið umhverfisverndar og sjálfbærni séu fléttuð inn í allan rekstur skólans, einnig námsefni og að umhverfissjónarmiðum séu gerð glögg skil. Þá tekur skólinn þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri. Í stefnunni er lögð áhersla á leiðir til úrbóta s.s. í innkaupum, pappírnotkun, orkunotkun, flokkun úrgangs og samgöngum.

Í þriggja ára stefnumiðaðri áætlun skólans fyrir árin 2021-2023 sbr. 31. grein laga um opinber fjármál koma fram áherslur skólans fyrir ofangreint tímabil. Um er að ræða þrjú markmið sem ná til kjarnastarfsemi og önnur þrjú er lúta að rekstrarþáttum, þau eru:


1. Taka upp fjölbreyttar kennsluáðferðir með fjölbreyttu námsmati.
2. Rekstur skólans verði umhverfisvænni og starfsumhverfi bætt.
3. Efla námsbrautir við skólann sem hafa sérstöðu með námsframboði sem ekki er í boði í öðrum skólum.
4. Draga úr umhverfisáhrifum. Aukin skilvirkni í allri starfsemi skólans. Lágmarka prentun, prentkostnað og pappírnotkun.
5. Bæta líðan nemenda og starfsmanna. Aukin starfsánægja.

6. Skólinn verði sýnilegur og vel kynntur fyrir háskólum, hérlandis sem erlendis.

Athygli vekur að markmiðin um kjarnastarfsemi eru fléttuð saman við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Markmiðssetningin byggir á sams konar áætlun og unnin var fyrir árin 2019-2021 og 2020-2022. Athygli vekur hve skólinn vinnur markvisst að framkvæmd þessara markmiða og í viðtölum við rektor, konrektor og rýnihópa kom fram að þegar hefur mikill árangur náðst þó áætlunin nái til ársins 2023. Sem dæmi má nefna; námsáætlanir eru birtar á heimasíðu, endurskoðun lærdómsviðmiða með áherslu á skiptingu í þekkingu, leikni og hæfni, aukin áhersla á umsjónarkerfi með viðtölum við alla nemendur, öflugri stoðþjónustu, fjölgun kennarafunda, fagstjórafundum og fundum í deildum og innleiðingu á skólafundum með nemendum, vinna að grænum skrefum í ríkisrekstri skv. vottunarkerfi Umhverfisstofnunar, flokkun á sorpi og sérmerktar sorptunnur, kynningarefni vegna málabrautar, breyting á fyrirkomulagi prentunar og pappírnotkun, nýjar yfirbyggðar hjólagrindur, fartölvuvæðing kennara, innleiðing nýs tölvukerfis og uppbygging tölvuþjónustu fyrir starfsmenn og nemendur, ný heimasíða, námsnetið INNA tekið í notkun sl. haust, upplýsingaskjái í almennum rýmum, hljóðkerfi í skólastofur, aukinn fjöldi nema sem sækir í erlenda háskóla og svo mætti lengi telja. Í ársskýrslu skólans er gerð grein fyrir framvindu markmiða skólans frá ári til árs.

Stefnur þessar bera vitni um metnað og vilja til árangurs. Þó er erfitt að meta með afgerandi hætti hvort, hvernig og hversu mikið þær birtast í daglegu starfi. Verkefnastjórar vinna þó markvisst að framgangi þeirra. Eftir samtöl við rýnihópa nemenda, kennara, foreldra og annarra starfsmanna er það niðurstaða matsmanna að skólastarfið taki mið af ofangreindum stefnum. Að gæta samræmis á milli stefnu og starfsemi er viðvarandi verkefni og mikilvægt að hugað sé að því með reglubundnum hætti.

Skipurit Menntaskólans í Reykjavík



Skipurit MR skýrir myndrænt uppbyggingu og tengsl þeirra sem starfa innan skólans og tengjast skólanum utan hans þ.e. skólanefndar og ráðuneytis. Það kom fram í máli skólameistara að skipuritið hefði nýlega verið uppfært en litlar breytingar verið gerðar.

Samkvæmt skipuriti skólans eru tveir í yfirstjórn Menntaskólans í Reykjavík þ.e. rektor og konrektor. Í máli rektors kom fram að rektor, konrektor, kennslustjóri, verkefnastjóri og fjármála- og skrifstofustjóri hefðu með sér mikið samstarf og mynduðu teymi um stjórnun skólans. Stjórnun skólans hefur breyst úr því að flest mál voru á borði skólameistara yfir í teymisvinnu stjórnenda. Það skýrist m.a. af því að að allir stjórnendur nema kennslustjóri hafa starfað tiltölulega stutt við skólann og rektor leggur áherslu á samstarf um stjórnun. Rektor kom til starfa 1. nóvember árið 2017, konrektor hefur starfað í 1,5 ár, fjármála- og skrifstofustjóri var ráðinn af núverandi rektor en ekki hafði verið fjármálastjóri áður og verkefnastjóri var ráðinn árið 2019. Teymið fundar einu sinni í viku á föstudögum kl. tíu, verkaskipting þeirra á milli er skýr og voru stjórnendur sammála um að samstarfið gengi vel, samvinnan væri nán og teymið hefði svipaða sýn á starfsemi skólans. Stjórnunin væri lýðræðisleg og allar breytingar á skólastarfinu væru ræddar í teyminu.

Rektor Menntaskólans í Reykjavík er ábyrgur gagnvart menntamálaráðherra fyrir rekstri og starfsemi skólans. Honum ber að framfylgja lögum og reglugerðum, sem um skólann gilda, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningum á hverjum tíma og stýra starfi hans í samræmi við erindisbréf og stefnumiðaða áætlun til þriggja ára milli skólans og ráðuneytis. Fram kom í máli viðmælanda að rektor hafi skýra sýn á hvert hann vilji fara með skólann og leiði starfið vel. Hann gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki og miklar breytingar hafi orðið á hans starfstíma s.s. á tölvumálum skólans og auknu samstarfi með föstum fundatímum. Hins vegar hefur reynt mikið á rektor vegna styttingar náms í skólanum og uppsagna á kennurum í framhaldi af því. Nemendum fækkaði frá 865 í 670 og segja þurfti upp sjö kennurum. Eðlilega var þetta erfitt fyrir stjórnendur sem og viðkomandi starfsmenn. Eftirmálar hafa litað skólastarfið með lögfræðialitum, kærnum og fjölmiðlaumfjöllunum. Brugðist hefur verið við þessu neikvæða andrúmslofti innan skólans m.a. með aðstoð frá viðurkenndum aðila í vinnuvernd. Í könnun viðkomandi frá nóvember 2019 kemur fram að rúmlega 80% starfsmanna segist fremur eða mjög oft/alltaf eiga í góðu samstarfi/samskiptum við rektor en um 5% starfsfólks segjast fremur sjaldan hafa átt í góðu samstarfi/samskiptum. Að mati matsmanna virðist lítill hópur starfsmanna ekki hlýta stjórn þar sem áherslur eru ólíkar og vilja þeir halda í fjögurra ára nám þó breytingarnar séu til komnar vegna breyttra framhaldsskólalaga. Traust til rektors litast af þessari stóru breytingu og eftirmálum hennar en flestir sem rætt var við báru mikið traust til hans. Þá setti mennta- og menningarmálaráðuneytið fram tillögu að aðgerðaráætlun í mannauðsmálum, árið 2020 sem skólinn vinnur nú eftir. Sjá nánari umfjöllun í kafla þrjú um samskipti og líðan. Rektor sendir föstudagspistil á alla starfsmenn að loknum fundi stjórnendateymis og sambærilegt á foreldra og nemendur, viðmælendur voru sammála um að upplýsingaflæðið hefði aukist innan skólans. Þá bauð rektor starfsfólki heim fyrir Covid og mæltist það vel fyrir, einnig fór starfsmannahópurinn saman í ferð til Akureyrar og heimsóttu bæði MA og MTR.

Helstu verkefni konrektors eru að vera staðgengill rektors en í máli hans kom fram að á þessum skýrtu tímum gengi hann í öll störf enda áriðandi að upplifun nemenda af skólastarfinu sé góð og inntak námsins sé fullnægjandi. Konrektor sér um skráningar í INNU, nemendabókhaldið er í hans umsjá og agamál eiga að koma til hans. Þá kemur hann að prófstjórn og yfirsetuskipulagi. Hann hefur unnið í verkefninu græn skref í ríkisrekstri og stefnir skólinn á að ná skrefi eitt og tvö innan tíðar. Í máli konrektors kom fram að skólahaldið hafi verið verulega óhefðbundið og hann gangi í stofur skólans til að minna á að nemendur haldi sóttvarnir. Hann var ráðinn inn í skólann utanfrá og það kemur honum á óvart hvað styttingin situr í fólki. Það hefur verið sótt að rektor vegna uppsagna á kennurum og það litar skólabraginn. Hann var sammála því að samstarf stjórnenda væri gott og þau hefðu svipaða sýn á starfsemi skólans. Þá vildi hann taka fram að skrifstofur hans og rektors væru alltaf opnar og kennarar og nemendur væru velkomnir með sín mál.

Kennslustjóri hefur starfað í nær tuttugu ár við skólann og í máli hans kom fram að honum þætti óhemju vænt um stofnunina. Hann sér um utanumhald með mætingu nemenda, skráningu nýnema, próftöflu, deildarval nemenda, kennsluskiptingu í samráði við fagstjóra, stundatöflugerð, fagstjórufundi ofl. Hann kennir einum bekk og nær þannig betri samskiptum við nemendur, kennara og stjórnendur. Kennslustjóri sagðist eiga í miklum samskiptum við nemendur sem leituðu til hans eða námsráðgjafa. Kerfisstjórn er í höndum Advania en kennslukerfið INNA var tekið í notkun sl. haust. Brottfall nemenda en mjög lítið og nemendur mæta almennt mjög vel (tafla sjö). Kennslustjóri lagði áherslu á að skólabragurinn væri

jákvæður og góður „við erum eins og ein stór fjölskylda“ og brugðist er fljótt við ef eitthvað út af bregður. Þá taldi kennslustjóri að tengsl við foreldra væru góð og að þeir hefðu rödd innan skólans. Í rýnihópi nemenda og kennara kom fram mikil ánægja með störf og samskipti við kennslustjóra.

Fjármála- og skrifstofustjóri er nýtt starf við skólann og miklar breytingar hafa átt sér stað á því sviði með nýjum rektor. Skrifstofa skólans hefur verið færð á jarðhæð en ein og hálf staða er á skrifstofu. Helstu verkefni skrifstofu eru símsvörun, prentun, móttaka, bóksala, gefa út vottorð og prófskírteini á erlendum tungumálum. Skólinn er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá ráðuneytinu. Í máli fjármála- og skrifstofustjóra kom fram að áhugi væri fyrir því að færa bókhaldið til skólans en það hafi ekki verið heimilað frá fjársýslunni. Skólagjöldin er komin í INNU og eru nemendafélagsgjöld Skólafélagsins innheimt með skólagjöldum. Sú breyting varð á fjármálum Skólafélagsins að rektor er orðinn prókúruhafi enda ber hann ábyrgð á fjármálum þess. Bókhaldið er eftir sem áður hjá Skólafélaginu en vinnureglur um fjármál skólafélagsins eru ennþá í vinnslu. Þá kom fram að samstarf stjórnendateymis er náð en fjármálastjóri vinnur þó mest með rektor. Breytingar rektors á tölvukerfi skólans og fartölvuvæðingin bjargaði skólanum í gegnum covid hremmingar að mati fjármálastjóra.

Haustið 2019 var ráðið í stöðu verkefnastjóra við skólann. Staða verkefnastjóra er 50% staða og telst verkefnastjórinn til stjórnendateymis skólans. Þau verkefni sem verkefnastjóri hefur yfirumsjón með eru; alþjóðlegt samstarf, innleiðing jafnlaunavottunar, innleiðing skjalavistunarkerfis svo og að vera persónuverndarfulltrúi skólans. Verkefnin eru mörg og fjölbreytt og segja má að umfang starfsins sé enn í mótun.

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla skipar mennta- og menningarmálaráðherra skólanefnd við MR til fjögurra ára í senn að fenginni tilnefningu tveggja fulltrúa Reykjavíkurborgar. Í máli fulltrúa skólanefndar kom fram að skólanefnd væri trú hlutverki sínu sem ráðgjafanefnd og heilt yfir væri nefndin ágætlega virk. Nefndin fundar að öllu jöfnu fjórum sinnum á ári. Skólanefndin hefur verið til ráðgjafar í starfsmannamálum og einnig eru helstu breytingar á námsframboði og skólastarfi ræddar á vettvangi nefndarinnar. Í máli viðmælanda kom fram að það hefði verið áskorun að stytta námið úr fjórum árum í þrjú þar sem ekki var almennur vilji fyrir því innan skólans en lögin og framkvæmd menntamálaráðuneytis var staðföst. Það var með stuðningi skólanefndar að þriggja ára námið var þéttskipað áföngum en samhliða styttingunni þurfti að segja upp starfsfólki og hefur nefndin verið ráðgefandi í þeirri pískargöngu eins og viðmælandi orðaði það. Komið hafa fram ásanir gagnvart rektor í framhaldi af styttingunni og uppsögnum kennara, stjórnendur eru berskjaldaðir gagnvart gagnrýni og margt er ofsagt að mati fulltrúa skólanefndar. Tíminn hefur verið mjög krefjandi, þetta hefur litað starfsemi skólans og starf rektors verið vandasamt.

Skólanefnd MR var umsagnaraðili við ráðningu rektors en skólanefndin tók viðtöl við umsækjendur og mælti með ráðningu þess sem ráðinn var í stöðuna haustið 2017. Í máli fulltrúa skólanefndar kom fram að nefndin sinni hlutverki sínu samkvæmt lögum og það væri góð samstaða í nefndinni. „Það hefur aldrei verið ályktað í nefndinni án einróma stuðnings allra.“ Þá taldi hann skólanefndina vera gott bakland fyrir stjórnendur skólans og að það ríkti traust milli skólanefndar og rektors. Hvað framtíðarsýn varðaði taldi viðmælandi að húsnaðismálin og skipulag menntaskólaþorps væru forsenda þess að skólinn geti verið

samkeppnishæfur. Þá taldi hann að nemendahópurinn mætti vera fjölbreyttari og með meira skapandi bakgrunn en gott nám og fjölbreytt námsframboð væru kjarninn og arfleifðin sem allt byggði á.

Fagstjórar eru tólf við skólanna eða í eðlisfræði, efnafræði, ensku, fornfræði og latínu, íslensku, íþróttum, líffræði, stærðfræði (2), sögu, tungumálum, tölvufræði. Starfslýsing liggur fyrir en fagstjórar bera m.a. faglega ábyrgð á sérgreinum sinnar deildar en í rýnihópi fagstjóra kom fram að þeir líta meira á sig sem verkstjóra en að um faglega leiðsögn sé að ræða af þeirra hálfu. Þeir sjái um praktísk atriði, s.s. kennsluskiptingu, kennsluáætlanir, bókapantanir og skólaskýrslu sem hver fagstjóri skrifar um sitt fag. Þá koma þeir að ráðningum nýrra starfsmanna og eru þátttakendur í starfsmannaviðtölum við umsækjendur. Fagstjórar koma að samningu prófa og athugasemdum frá nemendum/foreldrum er stundum beint til fagstjóra. Fagstjórafundir eru einu sinni í mánuði undir stjórn kennslustjóra en nýr rektor kom þessum fundum á. Í máli fagstjóra kom fram að samstarfið innan deilda væri mjög gott og hver deild héldi sig dálítið fyrir sig. Námskrárvinnan var í höndum stjórnenda en kennarar og deildir unnu saman að því að umskrifa námslýsingar. Eftir að styttingin var gengin í gegn „fengum við að leggja orð í belg“ eins og einn fagstjórinn orðaði það og starfandi var nefnd til að laga hnökra sem voru í nýju námskránni. Fagstjórar töldu að meiri áhersla hefði verið á þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið í gerð nýrrar námskrár en grunnþætti náms en ákveðnir áfangar eins og lífsleikni tækju þó á grunnþáttunum. Kennarar hefðu verið í erlendum samstarfsverkefnum um grunnþættina. Fagstjórar höfðu af því vissar áhyggjur að þriggja ára námið væri mikið álag á nemendur sérstaklega í 4. bekk þegar nemendur væru að koma úr grunnskóla. Rýnihópurinn benti á að breyttir kennsluhættir með tilkomu Covid hefðu verið eitt stærsta þróunarverkefnið sem kennarar hefðu tekið þátt í um árábil og það væri sóun að henda því öllu sem áunnist hefur með tilkomu Covid. Rýnihópurinn taldi samstarf við stjórnendur gott og það hefði verið farsælt. Þeir höfðu aldrei fundið fyrir öðru en hvatningu og jákvæðni þegar breytingar eru bornar upp. Samstarf fagstjóra er mest við kennslustjóra sem oft virkar sem milliliður milli þeirra og annarra stjórnenda og var rýnihópurinn sammála um að það gengi mjög vel.

Í framhaldsskólalögum nr. 92 frá 2008 er í kafla VII fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs og í reglugerð nr. 700/2010 eru lögin útfærð. Framhaldsskólar skulu með kerfisbundnum hætti meta árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal samofið starfsemi skólans og skal skapa forsendur fyrir markvissu mati á árangri og leiðum að markmiðum skólans. Það skal vera umbótamiðað og ná til helstu þátta skólastarfsins. Við Menntaskólann í Reykjavík er starfandi gæðanefnd sem skipuð er rektor, konrektor, kennslustjóra og fjármálastjóra. Þá er starfandi gæðastjóri sem skipuleggur og stýrir sjálfsmati skólans ásamt kennslustjóra. Á heimasíðu skólans birtir gæðanefnd árlega sjálfsmatsáætlun fyrir komandi skólaár og gæðastjóri tekur saman sjálfsmatsskýrslu að skólaárinu loknu. Samkvæmt sjálfsmatsáætlun er markmiðið með innra mati skólans einkum að bæta skólastarfið, auka vellíðan nemenda og starfsfólks í skólanum og gera hagsmunaaðilum skólastarfið sýnilegra. Í máli gæðastjóra kom fram að sjálfsmat skólans er í stöðugri þróun en vissir matsþættir fara fram árlega s.s. samantekt á námsárangri jólaprófa og kennslukönnun þar sem leitast er við að skoða sem flesta þætti kennslu, svo sem kennsluhætti, starfsþróun og fagmennsku auk annarrar þjónustu skólans en kennslukannanir eru bakgrunnur starfsmannasamtala. Síðari hluti kennslukönnunar tekur á ýmsum þáttum í lífi og starfi nemenda s.s. líðan, heimanámi, íþróttaiðkun, vinnu með námi o.fl. Unnið er að þriggja ára verkáætlun til þess að greina alla þætti

skólastarfsins á að minnsta kosti þriggja ára fresti. Lögð er áhersla á að nota bæði eigindlegar og megindlegar rannsóknaraðferðir við innra mat skólans.

Vegna Covid hefur ekki verið hægt að vinna af fullum krafti að innra mati skólans en á yfirstandandi skólaári er áætlað að kanna sérstaklega líðan starfsmanna, hlutverk umsjónarkennara, heilsu nemenda sem þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli, umhverfisvernd, skólareglur og verkferla innan skólans. Á síðasta skólaári var lögð áhersla á fundi með nemendum þar sem rektor og fulltrúar úr stjórnendateyminu funduðu með nemendum eftir bekkjum um skólastarfið og það sem betur mætti fara. Þá var skólanámskrá endurskoðuð þar sem skipuð var nefnd fimm kennara sem komu með tillögu um breytingar á heildarfjölda eining á brautum. Þá kynnti gæðastjóri fyrir hópi kennara á vorönn 2019 starfendarannsóknir og vann hann ásamt tveimur öðrum kennurum starfendarannsókn en í ljósi aðstæðna hefur ekki orðið framhald á þeirri vinnu en stefnt er að því. Innra mat skólans er að mati úttektaaðila í stöðugri þróun og verður sífellt yfirgripsmeira. Matið byggir á föstum þáttum og matsviðmiðum en leggja þarf áherslu á stefnu skólans um að allir þættir skólastarfs séu metnir á a.m.k. þriggja ára fresti. Gagnaöflun er góð og vandað er til verka í þeim þáttum sem metnir eru. Unnið er að greiningu gagnanna og árleg umbótaáætlun liggur fyrir ásamt því hvernig tókst að fylgja henni. Skólinn ætti þó að marka sér skýrari stefnu í gæðamálum og gæta þarf að virkri þátttöku foreldra eins og segir í 40 og 41 gr. framhaldsskólalaga.

Styrkleikar

- Skólinn hefur markað sér skýra stefnu og sýn sem endurspeglast í starfi hans
- Markviss unnið eftir þriggja ára stefnumiðaðri áætlun
- Fast skipulag á skólastarfi
- Ný skólanámskrá
- Rektor gegnir skýru leiðtogahlutverki
- Öflugt stjórnendateymi
- Aðgengi að stjórnendum er gott
- Gott samstarf skólanefndar og rektors
- Skýr framtíðarsýn
- Formleg starfsmannasamtöl
- Ársskýrslur, Matsskýrslur og matsáætlanir eru aðgengilegar á vef

Tækifæri til umbóta

- Aukin notkun á upplýsingatækni í skólastarfinu
- Setja skólanum gæðastefnu
- Gera starfslýsingar aðgengilegar
- Vinna að auknu trausti milli stjórnenda og starfsmanna
- Skýra verkaskiptingu milli konrektors og kennslustjóra
- Aukið samráð við nemendur og foreldra um þróun námskrár

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Eins og fram kemur í stefnuviðmiðum Menntaskólans í Reykjavík (MR) er skólinn hefðbundinn bóknámsskóli með bekkjarkerfi. Lögð er áhersla á undirbúning undir háskólanám og sérstaða skólans felst í að námsgreinar eru skipulagðar sem ársnám og nemendur raðast í bekk. Námsframboð skólans til stúdentsprófs miðast við þriggja ára nám, 209 til 216 einingar, á tveimur námsbrautum; málabraut og náttúrufræðibraut sem greinast í 8 deildir:

- i) Málabraut (formáladeild I, formáladeild II, nýmáladeild I og nýmáladeild II).
- ii) Náttúrufræðibraut (eðlisfræðideild I, eðlisfræðideild II, náttúrufræðideild I og náttúrufræðideild II).

Inntökuskilyrði á námsbrautirnar eru tilgreindar á heimasíðu skólans og í almennum hluta skólanámskrár MR. En þar segir við innritun nýnema, sem lokið hafa námi úr grunnskóla, að fyrst verði litið til einkunna á grunnskólaprófi í íslensku, ensku og stærðfræði. Auk þess er litið til einkunna í náttúrufræði hjá nemendum sem sækja um nám á náttúrufræðibraut og einkunnar í dönsku eða öðru Norðurlandamáli hjá nemendum sem sækja um nám á málabraut. Einkunnir í fyrrnefndum kjarnánámsgreinum skulu vera B eða hærri.

Áfangalýsingar eru aðgengilegar á heimasíðu skólans og fyrirkomulag náms og námsframboð kemur skýrt fram í ársskýrslum MR fyrir árin 2019 og 2020. Sú breyting sem gerð var haustið 2018 á námskránni miðaði að því að allir nemendur, sama í hvaða deild þeir væru, fengju að velja a.m.k. eina valgrein í 6. bekk og hefur sú breyting mælst vel fyrir hjá nemendum. Í viðtölum við nemendur kom að vísu fram að nemendur velja yfirleitt ensku sem valgrein til að reyna að mæta inntökukröfum háskóla á Norðurlöndum í ákveðnar námsgreinar.

Eins og fram kemur í töflu eitt á blaðsíðu níu í þessari skýrslu voru nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík flestir haustið 2017 eða 853, og haustið 2016 voru þeir 852. Vorið 2020 eru nemendur fæstir eða 645, og er mismunurinn á mesta fjölda nemenda og minnsta fjölda nemenda 208. Nemendur á vorönn eru jafnan færri en á haustönn, en yfirleitt eru frávikin ekki mikil ef árið 2019 er undanskilið, en þá um vorið stunduðu 798 nemendur nám við skólann en að hausti voru þeir 664. Hér munar samtals 134 nemendum. Þessa fækkun má m.a. rekja til styttingar á námi til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú ár.

Tafla fimm sýnir fjölda nemenda á námsbraut eftir kyni frá haustinu 2016 til haustsins 2020. Mestur fjöldi nemenda sækir nám á náttúrufræðibraut. Stúlkur eru í meirihluta bæði á málabraut og náttúrufræðibraut. Fækkun er á málabraut fram til ársins 2019, en sú þróun snýst við árið 2020. Fjöldi nemenda á náttúrufræðibraut er svipaður árin 2016 fram til 2019, en þá fækkar nemendum úr 715 ári 2018 í 565 árið 2019. Á sama tímabili fækkar nemendum á málabraut úr 110 í 90 nemendur. Nemendum málabrautar fjölga aftur árið 2020 og þá eru 102 nemendur skráðir í nám á brautina.

Í ársskýrslu MR fyrir árið 2020 kemur fram að menntunarstig kennara er hátt en fimm þeirra eru með doktorspróf og 41 með meistaraþróf. Níutíu og níu prósent kennara eru með full kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna. Meðal aldur kennara er 47 ár, og í skólanum starfa tveir námsráðgjafar í 1,7 stöðugildum. Kynjaskipting starfsmanna er konum í vil og hefur verið svo allengi. Ef skoðuð er kynjaskipting kennara þá er hún 30 karlkyns (45%) á móti 36 kvenkyns (55%).

Í töflu níu á blaðsíðu 12 í þessari skýrslu koma fram upplýsingar um starfsheiti, fjölda og stöðugildi stjórnenda, kennara og annars starfsfólks eftir kyni haustið 2020. Í stjórnendateymi skólans eru fjórar konur og einn karl. Samtals starfa 66 kennarar á kennslusviði skólans.

Eins og áður sagði hafa 5 einstaklingur lokið doktorsnámi auk kennsluréttinda í hópi kennara, 1 stundakennari hefur lokið doktorsprófi, þrjátíu og fimm hafa meistaraþróf auk kennsluréttinda, og sextán kennarar eru með BA/BS-próf auk kennsluréttinda. Sex kennarar hafa háskólapróf án kennsluréttinda.

Kennsluhættir

Helstu markmið MR fram til ársins 2023 er að taka upp fjölbreyttar kennsluaðferðir með fjölbreyttu námsmati. Auk þess sem ætlunin er að efla námsbrautir við skólann sem hafa sérstöðu með námsframboð sem ekki er í boði í öðrum skólum. Leiðir að þessum markmiðum eru:

- 1 Að bjóða kennurum upp á endurmenntun í gerð námsáætlana, kennsluefnis og kennsluaðferða. Ganga betur eftir því að kennarar sinni sinni endurmenntun skv. kjarasamningi.
- 2 Endurskoðun lærdómsviðmiða námsdeilda og einstakra námsgreina með áherslu á skiptingu í þekkingu, leikni og hæfin og samræmingu milli námsgreina.
- 3 Heildrænt endurmat á kennsluaðstöðu og fyrirkomulagi kennsluhúsnaðis.

Helstu leiðir að þessum markmiðum er að námsáætlanir séu birtar á heimasíðu skólans, og að skráning endurmenntunar kennara sé skilvirk, auk þess sem að kennarar verði meðvitaðir um áherslur á ólíkar kennsluaðferðir.

Í vettvangsheimsókn og viðtölum við rýnihópa kennara kom fram að það sé áhugavert að starfsemi skólans sé í föstum skorðum. Kennurum er treyst til að starfa eftir eigin brjósti og að skipulag og samvinna vinnist innan deilda. Það fylgi því að vísu spenna að setja inn í stúdentspróf sama námsefni og áður var kennt á 4 árum. Námsefni hefur ekki breyst í efri bekkjum, en námsefni 4. bekkjar var tekið út. Kennslustofur eru litlar og það takmarkar þær aðferðir sem kennarar geta nýtt sér. Fögin og það námsefni sem verið er að skoða ráða því mikið hvaða kennsluaðferðir eru notaðar hverju sinni. Verkleg kennsla og aðstaða til

verklegrar kennslu er skólanum til sóma. Bæði kennurum og nemendum ber saman um að eðlisfræðin á ekki mörg tæki af hverri gerð, en mælitæki af bestu gerð geta verið dýr. Námsmat byggir á vinnu nemenda, prófum, símati og verkefnavinnu. Stúdentsprófin eru 50% á móti námseinkunn sem nemendur vinna sér inn yfir allt árið. Þar sem stúdentsprófin eru yfirlitspróf, þá innihalda þau í sumum tilfellum allt námsefni fagsins. Samskipti í skólastofunni eru almennt góð og jákvæð. Ferlar varðandi vandamál sem upp kunna að koma mættu vera skýrari. Í flestum hópum er bekkjarstemming mjög jákvæð og uppbyggileg. MR býður upp á stoðtíma eða heimanámstíma og í sumum tilfellum eru kennarar með þessa tíma og í öðrum tilfellum er þessi fræðsla í höndum eldri nemenda. Þróunarverkefni eru í formi Erasmus samvinnu og verkefnisstjóri skólans hefur það hlutverk að sinna þeirri vinnu ásamt erlendum samskiptum. Þróunarverkefnin eru tengd fögum kennara og kennslu.

Í vettvangsheimsókn og viðtölum við rýnihópa nemenda kom fram að aðstaða til verklegrar kennslu í líffræði, eðlisfræði og efnafræði er ágæt. Heimavinna er töluverð og kennsla er mikið byggð á fyrirlestrum. Heimavinnan fer eftir fögum og kennurum og því álagi eða verkefnum sem er verið að vinna hverju sinni. Prófin eru mismunandi stór og mikil og það fyrirkomulag hentar þeim nemendum sem sækja nám í skólanum. Tölvunotkun er ekki mikil, þó er þráðlausa netið í skólanum ágætt. Kennarar taka tillit til samtals við bekkjaráðsmann þegar svo ber undir, og nemendur nýta sér það fyrirkomulag til að koma fram ábendingum. Enginn í rýnihópi nemenda hafði nýtt sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa, en allir þekktu til og vissu af því starfi sem þeir vinna. Rýnihópur nemenda segir að Inna (námskerfi skólans) veiti betri upplýsingar og flæði upplýsinga er betra með nýrri Innu. Nemendur lýstu ánægju með þjónustu bókasafnsins.

Í samtali við rektor kom fram að lögð hafi verið vinna í að styrkja málabrautina. Gert var myndband um málabrautina í þeim tilgangi að vekja athygli á henni. Auk þess sem nemendur hafa komið að kynningarmyndbandi um náms- og starfsráðgjöf í skólanum. Skólinn hefur verið með jafnréttisfulltrúa og í bókasafnsnefnd hefur verið einn nemandi. Rektor benti á að það væru ýmsar brotalamir í námskrá MR hvað varðar inntökuskilyrði í háskóla á Norðurlöndunum. Auk þess benti rektor á að tímasókn nemenda væri mikil, jafnvel meiri en 40 tímar á viku.

Í ársskýrslu MR fyrir árið 2020 er fjallað um viðbrögð við Covid. En föstudaginn 13. mars kom boð frá yfirvöldum um að öllum framhaldsskólum skyldi lokað vegna Covid. Á einni nóttu þurfti að breyta öllu starfinu. Staðkennsla var ekki lengur í boði og öll kennsla var færð á form tölvu- og netmiðla. Með fartölvuvæðingu skólans og nettengingu var búnaðurinn sem þurfti fyrir hendi. Að breyta kennsluháttum, æfingum, verkefnum, og framsetningu námsefnis á svo stuttum tíma er aðáunarvert. Kennarar, nemendur og aðrir starfsmenn skólans leystu þetta verkefni vel af hendi. Hvert fag notaði þær leiðir sem hentuðu best í viðkomandi tilfellum og best fyrir nemendur. Rektor kom á ráðgjafandi nefnd nemenda, en í henni voru 2 nemendur úr hverjum árgangi. Rektor hitti nemendur reglulega á Teams fundum þar sem nemendur gátu komið með ábendingar varðandi framvindu kennslunnar í nýjum heimi Covid. Haustið 2020 var MR settur í fyrsta skipti með rafrænum hætti. Nýnemar, jafnt sem aðrir nemendur, voru allt misserið ýmist eingöngu heima eða fengu að koma í skólann annan hvern dag. Kennarar lögðu sig alla fram við að kenna tveimur hópum í einu, þ.e. helmingur hvers bekkjar mætti í skólann og hinn helmingurinn sótti kennslustundirnar rafrænt á sama tíma. Slíkt fyrirkomulag útheimti útsjónarsemi og gífurlega orku. Rektor sendir upplýsinga pósta reglulega á starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra. Mikil áhersla var lögð

á að nýta stoðþjónustuna sem best og var haft samband símleiðis við alla nýnema til að athuga með líðan þeirra. Allt haustmisserið voru væntingar um að geta boðið nemendum upp á staðnám að fullu en af því varð ekki. Námsmat haustmisseris fór því ekki fram í formi hefðbundinna jólaprófa heldur voru nemendur ýmist metnir af vinnu sinni á önninni eða með rafrænum prófum.

Styrkleikar

- Metnaðarfullt starfsfólk
- Metnaðarfullir nemendur
- Menntun kennara
- Stoðtímar/heimanámstímar
- Þjónusta bókasafns
- Búnaður til verklegrar kennslu í raungreinum
- Viðbrögð við COVID-19

Tækifæri til umbóta

- Birting upplýsinga í Innu
- Skipulag endurmenntunar
- Huga að fjölbreyttari kennsluháttum
- Samræma upplýsingagjöf í kennsluáætlunum
- Tryggja að allar áfangalýsingar séu birtar á heimasíðu með skýrum hætti
- Skýra verkferla ef agamál koma upp
- Nýta þá reynslu sem varð til vegna Covid

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Nemendum virðist líða vel í Menntaskólanum í Reykjavík og eiga í góðum samskiptum við kennara sína. Skólinn hefur ætíð lagt mikla áherslu á að nemendum líði vel og öflug stoðþjónusta er í skólanum. Þá er það viðhorf skólans að bekkjarkerfið sé mjög nemendavænt, hver bekkur hefur sinn umsjónarkennara sem hefur góða yfirsýn yfir bekkinn og getur stutt við bakið á nemendum. Brotthvarf er lítið og á Covid tímum hringdu stjórnendur og námsráðgjafar í alla nýnema til að kanna líðan þeirra og umsjónarkennarar hringdu í aðra nemendur. Fram kom í rýnihópaviðtali við eldri nemendur að mjög sterk heild myndist í bekkjarkerfinu og að félagskjarni utan bekkjar sé líka sterkur og enginn sé útilokaður. „Maður er með öryggisnet“ sagði nemandi í öðrum rýnihópi þeirra og það komi nemendum á óvart hvað mikil samheldni er meðal MRinga og ekki eins mikil samkeppni og maður gæti átt von á. Skólareglur væru sanngjarnar en mætti kynna betur. Stuðningur væri mikill fyrir þá sem þess þyrftu og námsráðgjafar sinntu nemendum vel. Ekki væri sálfræðingur en mjög góður hjúkrunarfræðingur. Í kennslukönnun sem lögð var fyrir í mars 2019 var sérstaklega spurt um líðan, þarfir, starfsanda og samstarf. Kvarðinn var frá 1-5 þar sem 5 var hæst/mjög vel. Þegar spurt var um líðan nemenda var meðaltal 4,01 og í spurning um viðmót/samskipti við kennara var meðaltal 4,27, við skrifstofu 4,22, við stjórnendur 4,0, við námsráðgjafa 4,2 og umsjónarkennara 4,52. Af þessu má sjá að nemendur MR eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsmanna skólans. Athygli vekur hversu mikils trausts umsjónarkennarar njóta en nær 90% nemenda telja þau samskipti mjög góð eða góð.

Í viðhorfshluta kennslukönnunar sem fjallar einkum um kennslustundir og heimanám kemur í flestum þáttum fram jákvætt mat nemenda þó eru þrír þættir sem koma lakar út en aðrir en það er vinnuálag í námsgrein (3,19), birting einkunna skyndiprófa og verkefna (3,6) og virkni nemenda í tímum (3,95). Þá gefst nemendum kostur á að gefa kennurum einkunn og var meðaltal þess 8,23 sem var svipað og árið áður (2018) en þá var það 8,26.

Aðgerðaráætlun er gerð árlega í framhaldi af kennslukönnun og sem dæmi er í áætlun ársins 2018-2019 eftirfarandi;

1. Kennarar setji einkunnir á námsnetið sem og skiladaga prófa og verkefna.
2. Halda mánaðarlega kennarafundi og reglulega fundi í deildum.
3. Gera könnun um álag á nemendur sem aðgreind verður eftir árgöngum.

4. Gera könnun á stjórnun skólans, ráðstöfun auðlinda og tengslum, t.a.m. við önnur skólastig og nærumhverfi.
5. Hvetja til starfendarannsókna.
6. Opnir fundir með nemendum. Stjórnendur sitji fyrir svörum og nemendum gefst kostur á að koma með tillögur að útbótum og nýjum hugmyndum.

Í árlegri sjálfsmatsskýrslu er greint frá því hvernig unnið er að einstökum þáttum útbótaáætlunar.

Því er ekki að leyna að síðustu þrjú ár hafa verið skólanum erfið hvað varðar umræður og sögusagnir vegna uppsagna starfsmanna í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs. Nokkrir kennarar kærðu í þessu sambandi bæði uppsagnirnar sjálfar svo og stjórnendur og/eða samkennara sína. Í máli rektors kom fram að erfitt sé að sitja undir slíkum áburði og það hafi áhrif á líðan og starfsanda. Reynslan af þessum gjörningi og eftirmálum hans gefi tilefni til skoðunar á starfsmannalögum ríkisins og hversu langt hægt er að ganga þrátt fyrir að sýnt hafi verið fram á nauðsyn þess að fækka kennurum. Fyrir stjórnendur er það ófært að þurfa að búa við margra ára kærufarli sem jafnvel sér ekki fyrir endann á. Best væri ef slík mál fengju flýtimeðferð hjá ráðuneytinu því á meðan slík mál eru í gangi lamar það á vissan hátt alla starfsemi stofnunarinnar.

Á árinu 2019 var unnið markvisst að því að þetta hópinn, efla starfsandann og aðstoða þá sem áttu um sárt að binda í röðum starfsmanna. Ráðist var í vel heppnaða skólaheimsókn til Menntaskólans á Akureyri og Menntaskólans á Tröllaskaga. Fyrirlesarar voru fengnir til að létta lund starfsmanna á vormisseri 2019. Skólinn gerði samning við ráðgjafarfyrtækið Líf og sál um að taka út samskipti á vinnustaðnum svo og að veita sálfræðiviðtöl. Lögð var fyrir könnun meðal starfsmanna um almenna líðan og voru niðurstöður ánægjulegar og fullvissuðu stjórnendur um að hópurinn væri sterkur og stefni allur að sama marki. Árið 2020 setti Mennta- og menningarmálaráðuneytið fram tillögur um aðgerðaráætlun í mannauðsmálum fyrir Menntaskólann í Reykjavík. Rektor er á vissan hátt sammála því að vísir að óæskilegri vinnustaðamenningu hefur náð að þrífast innan skólans í alllangan tíma og er nauðsynlegt að vinna að uppbyggilegum samskiptum.

Helstu niðurstöður spurningakönnunar sem framkvæmd var af Líf og sál dagana 4.-13. nóvember 2019. Svarhlutfall var 83% og var ætlunin að fá fram skýra mynd af vinnuumhverfinu svo hægt væri að grípa til nauðsynlegra forvarna og aðgerða væri þess þörf.

Starfsfólk var almennt sammála um að starfsandinn væri góður og um 93% starfsfólks segja starfsandann í sinni einingu vera góðan og eru langflestir mjög jákvæðir í sínu mati. Í einstaka svörum kom fram að breytingarnar sl. tvö ár m.a. í tengslum við þriggja ára kerfið, hafi tekið á en þær breytingar séu að mestu að baki. Þá kom fram að meiri gleði ríkti í starfi núna en síðasta vetur (2018). Mat starfsfólks á því hvort starfsandinn væri almennt góður á vinnustaðnum kom ekki eins vel út en um 70% starfsfólks töldu hann fremur eða mjög góðan en um 7% starfsmanna töldu hann ekki góðan.

Niðurstöður úr mati á líðan starfsfólks í vinnunni eru jákvæðar þar sem helmingi starfsfólks líður mjög vel og um þriðjungu frekar vel og engum líður illa skv. niðurstöðum. Í svörum kom fram að lítill en fyrirferðamikill hópur kennara væru óánægðir með ákveðnar breytingar og það hefði neikvæð áhrif á starfsanda og líðan. Þegar spurt var út í samskipti kom í ljós að nær allt starfsfólk segist hafa átt í góðu

samstarfi og samskiptum við samstarfsfólk og langflestir segjast geta fengið stuðning og hjálp með verkefni hjá vinnufélögum. Þá bera um 80% starfsfólks virðingu fyrir störfum hvers annars.

Í þriðja kafla könnunarinnar var spurt úr í samstarf og samskipti við helstu stjórnendur skólans, sjá má hluta af þeim niðurstöður í kafla 1 um stjórnun og skipulag. Mikill meirihluti starfsfólks telur það vera skýrt til hvers stjórnendur ætlast af þeim eða um 85% og einnig að starfsfólk fái stuðning frá stjórnendum (84%). Um helmingur starfsfólks telur stjórnendur fúsa til að hlusta á vandamál en um fjórðungur sagðist ekki hafa þurft á því að halda. Langflestir eða tæplega 80% telja stjórnendur bera umhyggju fyrir heilsu og líðan starfsmanna. Um 70% starfsfólks finnast stjórnendur hafa staðið vel að breytingum en 14% ekki og vísuðu þeir í skort á samráði s.s. í námskrárbreytingum. Aðrir bentu á að stjórnendur hefðu mátt gera róttækari breytingar, enda hefðu þær verið orðnar löngu tímabærar.

Langflestir starfsmanna MR eru stoltir af því að starfa í skólanum eða 92% mjög sammála og sammála. Í einstaka svörum kom fram að skólinn hafi sérlega marga áhugasama nemendur og góða kennara, en slæmt umtal í fjölmiðlum hefði haft neikvæð áhrif á kennarahópinn.

Á vef skólans má finna starfsmannastefnu MR en þar er lýst vilja skólans til að vera góður og eftirsóttur vinnustaður þar sem hæft starfsfólk vinni að heilindum til að sinna þeirri kennslu-, fræðslu- og þjónustustarfsemi sem fram fer í skólanum. Jafnframt að allir starfsmenn skólans skulu vera kurteisir og háttvísir í framkomu hverjir við aðra og við nemendur. Starfsmenn skulu sýna hverjum öðrum virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót. Í jafnréttisáætlun skólans er lögð áhersla á góða líðan starfsmanna og góðan starfsanda í skólanum. Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og þeir sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti né öðru ofbeldi. Það sama gildir um samskipti kennara og nemenda.

Þá eru skólareglur MR skýrar um samskipti innan skólans en þar segir í fyrsta hluta, : **(Feitletrað af skýrsluhöfundum)**

1. Almennar reglur

1.1. Innan vébanda skólans gilda landslög sem skólareglur án þess að þeirra sé sérstaklega getið.

1.2. **Gagnkvæm virðing, kurteisi og heiðarleiki skal ríkja í samskiptum nemenda og starfsfólks. Háttvísi, þrúðmennsku og gott siðferði ber að viðhafa í skólanum og alls staðar þar sem komið er fram í nafni hans.**

1.3. **Ósæmileg hegðun nemanda gagnvart kennurum skólans, skólafélögum, starfsfólki skólans eða öðrum, innan skóla sem utan, getur varðað brottvísun úr skóla.**

1.4. Virða skal markmið skólans, stefnu hans og reglur og gæta í hvívetna að varpa ekki rýrð á heiður hans.

Í almennum hluta skólanámskrár eru birtar siðareglur Menntaskólans í Reykjavík sem gilda um samskipti innan skólans og út á við í samskiptum við forráðamenn ólöggráða nemenda og aðra skóla hérlandis og erlendis.

Samskipti innan skólans skv. siðareglum MR : Nemendur, kennarar og annað starfsfólk skólans

- sýna hvert öðru virðingu í öllum samskiptum og koma fram hvert við annað af tillitsemi, hvort sem um er að ræða rafræn eða önnur samskipti,
- virða það nám og starf sem unnið er í skólanum,
- vinna verk sín af heilindum og stuðla að því að aðrir geri slíkt hið sama,
- leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og málefnalegan rökstuðning,
- gæta þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum,
- mismuna ekki hvert öðru, til dæmis vegna kyns, kynþáttar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða eða skoðana,
- leggja ekki aðra í einelti,
- gæta hlutleysis og láta ekki persónuleg tengsl hafa áhrif á samskipti,
- eru virkir í starfi og þróun skólans og vinna saman að því að bæta starf hans.

Af þessu má ráða að skólinn hefur sett sér skýr markmið og stefnur um samskipti og vinnulag innan MR. Enginn á að velkjast í vafa um til hvers er ætlast af honum og hvernig hann skuli haga samskiptum, framkomu og vinnulagi. Í viðtölum kom fram að starfsmenn voru meðvitaðir um stefnur skólans og verkferla og töldu þeir að unnið væri eftir þeim í daglegu starfi.

Öflug stoðþjónusta er innan Menntaskólans í Reykjavík. Tveir náms- og starfsráðgjafar starfa í 170% starfi og hjúkrunarfræðingur í 70% starfi, (sjá töflu 9) og mynda þeir teymi stoðþjónustunnar. Eitt af þeim markmiðum sem skólinn setti sér árið 2019 var að flytja alla stoðþjónustu á einn stað þar sem hún væri í meira návígi við stjórn skólans. Þetta var gert og hefur að mati þeirra tekist vel til. Í máli náms- og starfsráðgjafa kom fram að þeir séu málshafar nemenda og sinni þeirra persónulegu-, félagslegu-, og námslegu vandamálum. Mikið af starfinu fer í viðtöl við nemendur og foreldra ásamt samstarfi við hjúkrunarfræðing. Þá sjá þeir um kynningu á skólanum fyrir grunnskólanemendur og njóta við það aðstoðar frá nemendaráðgjöfum. Nemendaráðgjafar sem oftast eru eldri nemendur eru einnig með jafningjafræðslu eða stoðtíma fyrir nemendur skólans. Þeir eru ekki með kennslu en aðstoða nemendur við námið. Auglýst er eftir nemendaráðgjöfum á vorin og helst er óskað eftir eldri nemendum úr öllum deildum. Oftast er meiri aðsókn í þetta verkefni en þörf er á en nemendaráðgjafar fá meðmælabréf að loknum vetri. Hjúkrunarfræðingur veitir ráðgjöf og svarar spurningum um ýmis heilsufarsleg mál nemenda og starfsfólks. Hann vinnur í samstarfi við námsráðgjafa og umsjónarkennara að velferð nemenda. Hann tekur virkan þátt í verkefninu „Heilsuefandi framhaldsskóli“ og vinnur með forvarnarteymi skólans. Það væri styrkur af því að hafa sálfræðiþjónustu innan skólans að mati náms- og starfsráðgjafa þar sem erfitt getur verið að sækja þá þjónustu til heilsugæslunnar. Að loknu Covid eru dæmi um nemendur með skólaforðun og þar er verk að vinna að mati námsráðgjafa. Í Covid höfðu náms- og starfsráðgjafar samband við nemendur í gegnum síma og á Teams en ekki var hægt að bjóða upp á prófkvíðanámskeið eða áhugasviðskannanir. Brottfall hefur aldrei verið vandamál. Í máli náms- og starfsráðgjafa kom fram að leitað væri allra leiða til að koma til móts við þá nema sem t.d. vegna veikinda eða annarra þátta geta ekki

lokið prófum á tilsettum tíma. Náms- og starfsráðgjafar halda utanum þann hóp nema sem eru með einhverjar greiningar og óvenju margir nemendur í skólanum núna eru tvítyngdir. Náms- og starfsráðgjafar sögðu samskipti við stjórnendur og kennara góð og mikil samvinna væri með kennslustjóra. Ferlar mála mættu vera skýrari en með því að færa náms- og starfsráðgjafa nær stjórnendum skólans þá hafa öll samskipti orðið auðveldari.

Hver bekkur hefur sinn umsjónarkennara en þeirra verkefni er að fylgjast með framvindu náms hjá sínum umsjónarnemendum og leita úrræða eftir atvikum í samstarfi við kennara bekkjarins, námsráðgjafa og skólastjórrendur. Þeir boða nemendur í viðtöl til að fylgjast með námi og líðan. Umsjónarkennari sér um að kynna nemendum sínum skólareglur í upphafi skólaárs og umgengnisreglur. Hann sér um að umsjónarmaður og bekkjarráðsmaður séu kjörnir. Hann sér um að leita svara við almennum fyrirspurnum nemenda sinna, t.d. vegna námsvals eða sérstakra aðstæðna. Hann er talsmaður nemenda gagnvart öðrum kennurum og skólastjórnendum. Hann sér um afhendingu misseriseinkunna til nemenda.

Félagslíf innan Menntaskólans í Reykjavík hefur löngum verið áberandi hluti skólans enda eru starfandi tvö nemendafélög, Skólafélagið og Framtíðin. Æðsta embætti skólafélagsins er inspector scholae en forseti en æðsta embætti Framtíðarinnar. Bæði félögin eiga sér langa sögu og ekki er áhugi fyrir því að sameina þau en þau vinna í auknu mæli saman að viðburðum innan skólans. Í stórum dráttum má segja að Skólafélagið sé með viðburði fyrir áramót og Framtíðin eftir áramót. Það er sitt hvor árshátíðin og sitt hvort leikfélagið. Stjórnir félaganna voru sammála um að félagslífið væri öflugt og samkeppni á milli félaganna gerði starfið enn öflugra. Helstu viðburðir á vegum nemendafélaganna eru nýnemadansleikur, MR-VÍ dagurinn, árshátíð Skólafélagsins, sokkaball fjórða bekkjar, frumsýning Frúardags, jóladansleikur, árshátíð Framtíðarinnar, frumsýning Herranætur, grímuball, fiðluball sjötta bekkjar, dansleikur Nemendasambandsins, þátttaka í ýmiss konar keppnum, m.a. spurningakeppni framhaldsskólanna (Gettu betur), söngkeppni skólans og mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna (Morfís) o.fl. Þá er mikið af hópum um allt mögulegt þannig að flestir eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þar má nefna umhverfisfélag, grænkerafélag, skákfélag, róðrarfélag, skapandi félag, feministafélagið Apenu, mannréttindafélag, hinseginfélagið Catamitus, ljósmyndafélagið, góðgerðafélag, geðverndarfélag, spilafélag og margt fleira. Ritnefndir beggja félaga hafa sameinast og gefa nú út Skólablaðið Skínfaxa sem er elsta skólablað landsins. Rýnihópur úr stjórnnum beggja félaga sagði aðstöðu fyrir stjórnir nemendafélaganna góða og að vinnuaðstaðan væri fín. Hins vegar þurfi að leigja sali fyrir stærri viðburði og hefur HR oft verið þeim innan handar. Þau töldu aðstöðu nemenda litla innan skólans og mótuneytið væri í raun sjoppa.

Þrátt fyrir Covid heftur félagslífið í vetur verið ágætt að sögn viðmælenda, að vísu hafa ekki verið hefðbundin böll eða skemmtikvöld en notast hefur verið við netheima. Ljóst var að bæði kennarar og stjórnendur skólans höfðu samúð með nemendum hvað félagslífið varðar en voru jafnframt vissir um að það muni ná fyrri styrk og að nemendur hefðu lært mikið á þessum skrítnu tímum.

Rýnihópur stjórna nemendafélaganna taldi mikinn kærleik umliggja ganga skólans og ekki væri klíkumyndun. Nemendur blandist á milli bekkja og vinskapur er ekki bara við bekkjarfélagana. Rýnihópurinn taldi að samstarf við rektor mætti vera betra og nefndu þar sérstaklega að prófkúra fyrir Skólafélagið hefði verið tekin af gjaldkera félagsins. Þau töldu það lengja ákvörðunarferlið og sem hagsmunafélag allra nemenda fannst þeim skrítið að rektor hefði alltaf úrslitavald. Þau báru mikið lofi á

umsjónarmann skólans með félagslífi nemenda sem væri tengiliður þeirra við stjórnendur og einnig að umsjónarmaður fasteigna vildi allt fyrir þau gera.

Foreldrafélag MR vill stuðla að góðum samskiptum við alla foreldra nemenda í MR. Sameiginleg markmið foreldra og skólans er að skila nemendum eins vel undir búnum undir lífið að þremur árum liðnum og kostur er. Starfsreglur foreldrafélags MR eru birtar á heimasíðu skólans og félagið heldur úti facebook síðu með spjallrás þar sem fólk skiptist á skoðunum. Í rýnihópi foreldrafélags kom fram að verkefni félagsins er að vera tengiliður milli skóla og nemenda, koma á framfæri upplýsingum frá nemendum og styrkja með fjárframlögum ákveðin verkefni eins og til kaup á vatnsvélum, áfengismælum og húsgögnum í afdrep fyrir nemendur. Að jafnaði er innheimt árgjald kr. 4000 á heimili. Þau töldu sig í góðu sambandi við félagsmálafulltrúa og samstarfið við rektor væri mjög gott en hann er alltaf boðinn og búinn til að vinna með félaginu. Foreldrafélagið fundar fjórum til fimm sinnum á vetri og ekki hafa verið vandræði við að fá fólk til starfa með foreldrafélaginu. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir fyrirlestrum á Teams um heilsutengd efni s.s. nikotín púða og svefn. Þá átti félagið fund með mennta- og menningarmálaráðherra um fjarnám og andlega líðan nemenda. Covid hefur vissulega haft áhrif á líðan nemenda en vel hefur verið haldið utanum hópinn. Félagið hefur komið að gæslu á böllum og lagt til verðlaun í edrú-pott sem þau töldu mjög jákvætt. Foreldrafélagið hefur ekki komið að breytingu á námskránni en tóku þó þátt í umræðu um styttingu náms til stúdentsprófs. Rýnihópurinn var sammála um að námið í skólanum væri gott, kennslan góð og mikill metnaður í öllu. Hins vegar töldu þau húsnæðismál ekki í góðu lagi. Húsnæðið væri of lítið og gamalt en ekki væri kvartað yfir heilsufarsvandamálum vegna þess. Raunvísindaaðstaða batnaði þegar Elísabetarhúsið var tekið í notkun, en lítið hefði gerst síðan. Það er vilji rýnihóps foreldrafélags að framkvæmdir hefjist í húsnæðismálum, nemendur þurfa betri aðstöðu og laga þarf aðgengi fyrir fatlaða nemendur.

Auk foreldrafélags var Hollvinafélag Menntaskólans í Reykjavík stofnað árið 2013 en tilgangur þess er að efla tengsl fyrrum nemenda skólans og þeirra sem bera hag hans fyrir brjósti. Hollvinafélagið hefur komið að stuðningi við einstök málefni innan skólans.

Í máli kennara kom fram að mikil erlend samskipti hafi einkennt starf skólann og að alþjóðleg verkefni og heimsóknir séu mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Undanfarin ár hafa nemendur farið með kennurum sínum í tungumálum og bókmenntum í menningarferðir til nokkurra borga, t.d. Berlínar, Rómar, Barcelona, London og Parísar. Þá fá tungumálakennarar skólans reglulega til sín erlenda gestakennara á vegum Erasmus+. Skólinn hefur tekið þátt í skólaverkefnum Erasmus+ menntaáætlunarinnar frá því að hún hófst haustið 2014. Þátttaka í slíkum verkefnum gefur fjölda nemenda tækifæri til að ferðast á framandi slóðir og kynnast erlendum jafnöldrum sínum. Jafnframt þjálfar nemendur tungumálakunnáttu sína og bæta við þekkingu og reynslu sem nýtist í námi og starfi. Ávinningur skólans af þátttöku í skólaverkefnum felst einnig í eflingu þekkingar og reynslu kennara sem hlýst af samstarfi við erlenda samstarfsaðila.

Í siðareglum skólans eru reglur um samskipti við aðra skóla héraðs og erlendis, við aðila á vinnumarkaði og nærsamfélag:

- Gæta skal virðingar og almennrar kurteisi í samskiptum við ytri aðila. Starfsmenn og nemendur skólans hafa hugfast að þeir eru fulltrúar skólans í ytri samskiptum.

- Öll samskipti skulu vera gegnsæ og upplýsingar áreiðanlegar. Þó skal ætíð virða trúnaðarmál við nemendur og forráðamenn.

- Hagsmunir skólans, nemenda og starfsfólks eru hafðir að leiðarljósi í samskiptum við utanaðkomandi aðila

Námsráðgjafar eiga í góðum samskiptum við grunnskólana og tengsl við háskólana HÍ og HR hafa aukist. Nemendur taka þátt í keppnum á vegum háskólanna og prófdómarar í raungreinum koma einnig frá HR og HÍ. Ekki hefur verið gerð nein formleg könnun í MR um það hvernig nemendum vegnar þegar þau fari í nám á háskólastigi en nokkuð er um það að nemendur fari í erlenda háskóla.

Styrkleikar

- Skýrar reglur um samskipti
- Nemendum líður vel í skólanum
- Starfsfólk er ánægt í starfi
- Starfsfólk er stolt af stofnuninni sem það vinnur hjá
- Samskipti nemenda og kennara
- Nemendur eru stoltir af skólanum
- Öflug stuðningur stoðþjónustu
- Vel skilgreint og kraftmikið félagslíf
- Virkt og áhugasamt foreldrafélag
- Áhersla er á erlent samstarf


Tækifæri til umbóta

- Ljúka við kærumál og kynna niðurstöður þeirra innan skólans
- Byggja upp jákvæðan starfsanda og góða vinnustaðamenningu
- Kynna skólareglur betur
- Auka virkni nemenda í kennslustundum

Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Menntaskólinn í Reykjavík (MR) er í miðborg Reykjavíkur og skólalóðin afmarkast af Lækjargötu, Amtmannsstíg, Þingholtsstræti og Bókhöfðustíg. Eftirfarandi mynd, tekin úr almennum hluta skólanámskrár MR, sýnir afstöðu húsanna. Skrifstofur stjórnendateymis skólans er í Skólahúsinu. Skrifstofa skólans er á jarðhæð Skólahússins og kennarastofa er á annarri hæð Skólahússins. Skrifstofur og vinnuaðstaða kennara er á annarri og þriðju hæð í Amtmannsstíg 2, á annarri hæð Casa Christi, á þriðju hæð Skólahússins og við fagstofur í Elísabetarhúsi. Hátíðarsalur er á annarri hæð Skólahúss í norðurenda. Bókasafn skólans er á jarðhæð Íþöku, og lestrarsalur bókasafns fyrir 30 nemendur er í rishæð Íþöku. Fundarherbergi og aðstaða prófstjóra er á rishæð Skólahússins, suðurenda. Margmiðlunarver er í kjallara Casa nova, suðurenda. Tölvuver nemenda er í Elísabetarhúsi. Náms- og starfsráðgjöf og hjúkrunarfræðingur er á þriðju hæð Skólahússins. Félagsaðstaða nemenda er í kjallara Casa nova. Skrifstofa Skólafélagsins er á Amtmannsstíg 2, jarðhæð. Skrifstofa Framtíðarinnar er á Amtmannsstíg 2, jarðhæð. Húsvörður er með aðstöðu í Fjósinu. Kennslustofur eru í Skólahúsinu, Casa Christi, Casa nova og Elísabetarhúsi.



Í viðtölum við rýnihópa foreldra, kennara, nemenda og starfsmannapjónustunnar kom fram að kennsluhúsnæði skólans er þröngt og að það skortir verulega upp á fjármagn varðandi viðhald bygginga. Plássleysi er einkennandi fyrir húsnæði skólans, og algjör skortur á rými þar sem skólinn getur tekið á móti gestum. Skólinn hefur ekki sal, og þrengsl hafa áhrif á hvað hægt er að framkvæma og hvað ekki. Mötuneytis aðstaða fyrir kennara er ágæt en lítil. Mötuneyti fyrir nemendur er hins vegar ekki gott og plássleysi hefur áhrif á hvað hægt er að bjóða fram í mötuneytinu. Það sama má segja um félagsaðstöðu nemenda. En forysta nemendafélaganna sá kosti við að aðstaða þeirra er sér, þó plássíð sé ekki mikið. Bókasafnið er hlýlegt, lítið en vel búið. Vegna plássleysis nota nemendur kennslustofurnar sínar til að læra, lesa og nærast og í bekkjunum myndast sterk félagsleg tengsl milli nemenda. Kennslustofurnar eru

heimavöllur nemenda. Aðstaða til íþróttakennslu er ekki góð. Tölvuver og þráðlausar nettengingar virka vel og mæta þörfum skólans. Einkennandi er að þrátt fyrir gamlan og viðhaldsfrekan húsakost, þá líður nemendum, kennurum og öðrum starfsmönnum vel í húsnæði MR. Með samheldni áhuga og metnaði er skólastarfið látið ganga vel. Skólinn notar Innu til að halda utan um samskipti nemenda og kennara. Viðmælendum bar saman að auðvelt hafi verið að setja upp sóttvarnarhólf í Covid ástandi, sem má rekja beint til fjölda og stærða bygginga á skólalóðinni. Samkvæmt síðustu ársskýrslu skólans er samanlagður fermetrafjöldi allra bygginga skólans um það bil 4700 fermetrar.

Í fylgiskjöllum frá rektor MR vegna ytra mats vorið 2021 kemur fram að húsnæðismál skólans eru sérstök. Skólinn starfar í húsum á svo kölluðum menntaskólareit sem afmarkast af Lækjargötu, Amtmannsstíg, Þingholtsstræti og Bókhöðustíg. Helstu byggingar eru friðaðar en ljóst er fyrir allöngu síðan að fara þarf í byggingaframkvæmdir til að skólinn fái það húsnæði sem hann þarf. Sumarið 2019 var lokið við þarfagreiningu varðandi húsnæðismál skólans og vonir standa til þess að nýtt hús rís á reitnum og að hafist verði handa á þessu ári með verkefnið.

Í rafpósti frá rektor MR dagsettum 15. apríl 2021 er greint frá að nú liggi fyrir að Framkvæmdasýsla Ríkisins hafi ráðið verkefnisstjóra til að sinna verkefninu og muni fylgja því í gegnum bæði hönnun og verklega framkvæmd. Verkefnisstjóri er byrjaður að setja sig inn í málið og að boðað verði til fundar með ráðuneytinu vegna verkkaupsamnings og í kjölfarið funda með skólastjórnendum um tímalínu verkefnisins, verkaskiptingu og aðra mikilvæga þætti. Í kjölfarið verði síðan farið í samningaviðræður um byggingu skólaþorps á menntaskólareit MR.

Styrkleikar

- Kennarar búa við ágæta vinnuaðstöðu í húsnæði skólans
- Umgengni um húsnæðið er ágæt
- Raungreinastofur eru vel búnar tækjum
- Húsnæði skólans er vel við haldið
- Skólinn leggur áherslu á grunnþætti menntunar
- Nemendur ná árangri eftir að þeir fara frá MR

Tækifæri til umbóta

- Huga að aðgegni fyrir fatlaða
- Huga að íþróttaaðstöðu
- Huga að mótuneytisaðstöðu
- Leggja áherslu á bygginu skólaþorps/menntaþorps

Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Um Lykilárangur

Innra starf

Í ársskýrslu Menntaskólans í Reykjavík (MR) fyrir árið 2020 kemur fram að nemendur þurfa að hafa náð einkunninni B eða hærra í grunngreinunum íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku eða náttúrufræðigreinum úr grunnskóla til að fá inngöngu í MR. Í rýnihóp nemenda kom fram að MR hentar þeim nemendum vel sem hafa gott minni og eiga auðvelt með að taka próf. Í öllum rýnihópum kom fram að starfið í MR einkennist af metnaði og umhyggju. Stúlkur eru í meirihluta nemenda bæði á málabraut og náttúrufræðibraut en mikill meirihluti nemenda sækir nám á náttúrufræðibraut. Brottfall er hverfandi og skólinn hvetur þá sem ná ekki árangri að leita í nám sem hentar þeim betur. Lang flestir nemendur sækja námið vel og skila góðum námsárangri.

Grunnþættir menntunar koma fram í allri starfsemi MR. Í innra mati skólans er námsárangur skoðaður, kennsluhættir, og líðan nemenda, og eru spurningarnar sem liggja fyrir endurskoðaðar á hverju ári. Opin fundur er haldinn með nemendum og stjórnendum skólans þar sem nemendum gefst tækifæri til að bera upp tillögur og hugmyndir að úrbótum. Rýnihópar nemenda og kennara skoða ákveðna þætt skólastarfsins og setja fram tillögur til breytinga þar um ef þurfa þykir.

Í sjálfsmatssáætlun MR fyrir skólaárið 2020 til 2021, er ætlunin að endurskoða skólareglur, skoða námsárangur nemenda, gera kennslukönnun meðal nemenda, halda opin lýðræðisfund með nemendum og stjórnendum, kanna viðhorf nemenda á skólastarfinu, aðbúnaði og kennslu. Einnig er ætlunin að taka starfsmannaviðtöl með áherslu á líðan og það sem betur má fara í skólastarfinu. Auk þess sem ætlunin er að athuga líðan nemenda með áherslu á Covid og svefnvenjur. Þess utan er ætlunin að skoða verkefnið heilsuefandi framhaldsskóli, umsjón og nýnemaviðtöl, og umhverfisvernd. Sem og að fara yfir verkferla innan stofnunarinnar.

Í rýnihópi fulltrúa foreldrafélags MR kom fram að samstarf við yfirstjórn skólans er mjög gott. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera tengiliður milli skóla og nemenda. Árgjald til foreldrafélagsins er 4000 til 4500 krónur á heimili. Það er ekki erfitt að fá fólk til að starfa með foreldrafélaginu og metnaður og áhugi endurspeglar þá starfsemi líkt og alla starfsemi skólans. Foreldrafélagið hefur ekki komið að námskrárgerð en tók þátt í umræðu um styttingu til náms til stúdentsprófs úr 4 árum í 3. Foreldrafélagið fundar 4 til 5 sinnum í á vetri og hefur stutt erindi á Teams um heilsutengd þemu. Auk þess sem foreldrafélagið á góð samskipti við félagsmálafulltrúa skólans.

Skólanefnd MR er skipuð af ráðherra og á að vera rektor og skólanum til ráðgjafar. Skólanefndin fundar 4 sinnum á ári og hlutverk skólanefndar er, meðal annars, að vera ráðgefandi í starfsmannamálum. Það er samstaða í skólanefndinni og nefndin er gott bakland fyrir stjórnendur skólans. Skólanefnd mælti með núverandi rektor í embættið á sínum tíma og hefur staðið þétt að baki stjórnendum MR í gegnum vandasöm og erfið mannauðsmál. Það ríkir mikið traust milli skólanefndar og rektors

Starfið út á við

Í almennum hluta skólanámskrár MR kemur fram að starfsemi skólans vekur athygli út fyrir landsteinana. Á hverjum vetri tekur MR á móti erlendum gestum. Hér má nefna heimsóknir frá erlendum háskólum sem vilja kynna starfsemi sína fyrir nemendum og kennurum MR. Nýútskrifaðir kennarar frá löndum eins og Austurríki, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Spáni og Þýskalandi hafa starfað í skólanum sem gesta kennarar á vegum menntaáætlunar Evrópusambandsins. Þessir gesta kennarar hafa verið frá þremur upp í allt að níu mánuði. Nemendur MR taka þátt í nemendaskiptum og búa hjá jafnöldrum sínum á erlendri grund, en þessi verkefni hafa verið styrkt af Erasmus+ og Nordplus Junior. Haustið 2019 var ráðið í stöðu verkefnastjóra við skólann sem, meðal annars, hefur umsjón með alþjóðlegu samstarfi.

Ekki er mikið fylgst með hvað nemendur taka sér fyrir hendur að lokinni útskrift frá Menntaskólanum í Reykjavík. Hins vegar má benda á að útskrifaðir nemendur skólans eru fulltrúar í íslenskri stjórnsýslu, íslensku menntakerfi, heilbrigðis og félagsmálakerfinu. Þannig að finna má fingraför skólans á langflestum sviðum samfélagsins.

Styrkleikar

- Grunnþættir menntunar endurspeglast í starfsemi skólans
- Innra mat skólans er metnaðarfullt
- Foreldrafélagið á í góðu samstarfi við stjórnendur skólans
- Það ríkir traust og samheldni milli skólanefndar MR og stjórnenda skólans
- Nemendur skólans sýna árangur í lífi og starfi að námi loknu
- Brottfall er lítið
- Námsárangur er góður
- Skólinn leggur áherslu á lýðræðisvitund, læsi, tjáningu, samskipti, jafnrétti og umhverfisvitund

Tækifæri til umbóta

- Taka saman með skipulögðum hætti árangur nemenda eftir útskrift

Heimildir og tilvísanir

Inngangur og almennar upplýsingar

- Gögn frá Menntaskólanum í Reykjavík (MR) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MR – <https://www.mr.is/>
- Árskýrslur MR 2018 til 2020
- Stefnuskjal MR
- Sjálfsmatsskýrslur MR 2016 til 2020

Stjórnun og skipulag

- Gögn frá Menntaskólanum í Reykjavík (MR) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MR – <https://www.mr.is/>
- Árskýrslur MR 2017 til 2020
- Stefnuskjal MR
- Viðtöl við rektor, konrektor, kennslustjóra, skrifstofu- og fjármálastjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, fagstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.
- Skýrsla vegna athugunar á innra starfsumhverfi Menntaskólans í Reykjavík unnin af Lífogsál 2019 til 2020.
- Almennur hluti skólanámskrár MR
- Sjálfsmatsskýrslur MR 2018 til 2020

Kennsla og námsframboð

- Gögn frá Menntaskólanum í Reykjavík (MR) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MR – <https://www.mr.is/>
- Árskýrslur MR 2018 til 2020
- Stefnuskjal MR
- Viðtöl við rektor, konrektor, kennslustjóra, skrifstofu- og fjármálastjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, fagstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.
- Almennur hluti skólanámskrár MR
- Sjálfsmatsskýrslur MR 2017 til 2020

Samskipti og líðan

- Gögn frá Menntaskólanum í Reykjavík (MR) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MR – <https://www.mr.is/>
- Árskýrslur MR 2018 til 2019
- Stefnuskjal MR

- Viðtöl við rektor, konrektor, kennslustjóra, skrifstofu- og fjármálastjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, fagstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.
- Skýrsla vegna athugunar á innra starfsumhverfi Menntaskólans í Reykjavík unnin af Lífogsál 2019 til 2020.
- Almennur hluti skólanámskrár MR
- Sjálfsmatsskýrslur MR 2017 til 2020

Húsnæði og aðbúnaður

- Gögn frá Menntaskólanum í Reykjavík (MR) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MR – <https://www.mr.is/>
- Árskýrslur MR 2017 til 2019
- Stefnuskjal MR
- Viðtöl við rektor, konrektor, kennslustjóra, skrifstofu- og fjármálastjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, fagstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.
- Almennur hluti skólanámskrár MR
- Sjálfsmatsskýrslur MR 2017 til 2020

Lykilárangur

- Gögn frá Menntaskólanum í Reykjavík (MR) send matsmönnum samkvæmt beiðni
- Vefsvæði MR – <https://www.mr.is/>
- Árskýrslur MR 2017 til 2019
- Stefnuskjal MR
- Viðtöl við rektor, konrektor, kennslustjóra, skrifstofu- og fjármálastjóra og formann skólanefndar.
- Rýnihópar, fagstjóra, kennara, nemenda, annars starfsfólks, námsráðgjafa, stjórnar nemendafélags og stjórnar foreldraráðs.
- Almennur hluti skólanámskrár MR
- Sjálfsmatsskýrslur MR 2017 til 2020